

ÁRSSKÝRSLA 2003



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

STJÓRNSÝSLA	4
SAFN RÁÐ	5
SKIPURIT LANDSBÓKASAFNS ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFNS	5
FJÁRMÁL	9
SJÓDIR OG STYRKIR	9
AÐFANGAÐEILD	10
HANDRITAÐEILD	13
SKRÁNINGARÐEILD	14
ÚTLÁNAÐEILD	16
UPPLÝSINGAÐEILD	21
ÞJÓÐAÐEILD	23
VESTNORD	24
KVENNASÖGUSAFN ÍSLANDS	24
STOÐAÐEILDIR	25
ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI	27
REKSTUR HÚSS OG LÓÐAR	28
Geymslusafn Mjódd	29
Varaeyntakasafn í Reykholti	29
FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, NÁMSKEIÐ OG KYNNISFERÐIR	29
FÉLAGSSTÖRF, NEFNDASTÖRF OG KENNSLA	32
RITVERK OG ERINDI	33
ÚTGÁFURIT SAFNSINS	34
SÝNINGAR OG SAMKOMUR	35
Þjóðmenningarhús	37
TÖFLUR	38
Tafla 1: Aðföng 2000–2003	38
Tafla 2: Skráningardeild 1997–2002	39
Tafla 3: Fjöldi lánþega 1997–2003	40
Tafla 4: Fjöldi útlána 1997–2003	40
Tafla 5: Millisafnalán 1996–2003	40
Tafla 6: Útgáfa bóka og hljóðrita 1995–2001	41
Tafla 7: Þjóðdeild 1997–2003	41
Tafla 8: Handritadeild 1997–2003	41
Tafla 9: Upplýsingaþjónusta 1996–2002	42
Tafla 10: Þjónusta í tón- og mynddeild 1998–2003	42
Tafla 11: Myndastofa 2000–2003	42
Tafla 12: Bókbandsverk 1999–2003	42
Tafla 13: Yfirlit yfir stöðugildi árána 1998–2003	43
Tafla 14: Rekstrargjöld 1997–2003 (í þús. króna)	44

Stjórnsýsla

Stjórn

Samkvæmt lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn skipar menntamálaráðherra fimm menn í stjórn bókasafnsins og var ný stjórn skipuð í nóvember 2002 til fjögurra ára. Í stjórn árið 2003 sátu: Hörður Sigurgestsson formaður, skipaður af menntamálaráðherra, tveir skipaðir að tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands sem eru prófessorarnir Anna Soffía Hauksdóttir og Hjalti Hugason, Vilhjalmur Lúðvíksson að tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, og Eydis Arnviðardóttir að tilnefningu Upplýsingar, Félags - bókasafns- og upplýsingafræða. Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Fulltrúi starfsmanna var Sjöfn Kristjánsdóttir. Stjórnarfundir sitja einnig að jafnaði landsbókavörður, dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, aðstoðarlandsbókavörður Þorsteinn Hallgrímsson og fjármálastjóri safnsins, Edda G. Björgvinsdóttir.

Ný stefna fyrir safnið og nýtt skipulag

Fyrsti vinnudagur ársins, 2. janúar, var nýttur til að kynna starfsmönnum nýja stefnu sem unnið var að af starfsmönnum og stjórn og endurskipulagning safnsins boðuð. Í framhaldi af því samþykkti stjórnin nýja stefnu fyrir safnið í marsmánuði sem birt er undir heitinu: **Þekkingarveita á norðurslóð. Markmið og aðgerðir 2003-2006**. Þar komu fram ný framtíðarsýn og ný markmið:

Framtíðarsýn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er hornsteinn í öflun, varðveislu og miðlun þekkingar um íslenskt samfélag og á sviði vísinda og fræða. Safnið er þekkingarveita sem vinnur að því að veita faglega upplýsingaþjónustu um íslenskt samfélag og að tryggja að Íslendingar standi jafnfætis öðrum þjóðum hvað varðar aðgengi að hvers kyns þekkingu og upplýsingum.

Markmið

- Að efla safnið sem þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands.
- Að auka fjölbreytni í þjónustu safnsins og bæta hana.
- Að skerpa ímynd safnsins sem þekkingarveitu og efla hlutverk þess sem forystuafli meðal íslenskra bókasafna.
- Að efla safnið sem eftirsóttan vinnustað.

Þessum markmiðum var síðan fylgt eftir með aðgerðaáætlun sem sýndi þau verkefni sem safnið ætlaði að sinna á því tímabili sem stefnan nær til. Aðgerðaáætlunin var síðan tímasett til þess að auðveldara yrði að sjá framfarir og árangur.

Skipulagsbreytingar

Í október 2003 gekk í gildi nýtt skipulag fyrir safnið, en allt árið 2003 var unnið að endurskoðun á allri stjórnun og skipulagi í safninu með ráðgjöfum frá Alta ehf og Runólfi Smára Steinþórssyni, dósent. Nýtt skipulag var síðan samþykkt af stjórn eftir nauðsynlegar breytingar á reglugerð og gekk í gildi 1. október. Í nýja skipulaginu eru þrjú svið, varðveislusvið sem stýrt er af Kristínu Bragadóttur, þjónustusvið sem Áslaug Agnarsdóttir er í forsvari fyrir og rekstrarsvið sem Edda G. Björgvinsdóttir stýrir. Allri starfsemi safnsins var þar með skipt á þessi svið og verksvið hvers sviðs skilgreint. Varðveislusviðið annast það sem snertir þjóðararfinn og þjónustu úr þeim arfi og lagalegar skyldur safnsins sem þjóðbókasafns. Þjónustusvið ber ábyrgð á allri almennri upplýsingaþjónustu og útlánum fyrir háskólasamfélagið og aðra þá aðila sem þurfa að nýta sér heimildir, bæði í prentuðu og rafrænu formi. Þetta svið annast einnig kennslu í upplýsingaleikni fyrir háskólanema. Rekstrarsviðið sér síðan um



fjármál, starfsmannamál og þau mál er snerta rekstur húss og aðra þá starfsemi sem gengur þvert á sviðin hin. Þessar breytingar miða að því að dreifa ákvarðanatöku og stjórnun og færa saman faglega og fjárhagslega ábyrgð. Hvert svið gerir nú sínar rekstraráætlanir og fjárveitingum safnsins hefur verið skipt á milli þeirra.

Allt frá því að söfnin tvö, Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn voru sameinuð, höfðu verið starfræktar sex deildir í safninu, hver með sinn forstöðumann. Sem afleiðing af skipulagsbreytingunum voru lagðar niður tvær deildir, aðfangadeild og skráningardeild og aðföng og skráning færð undir viðkomandi svið enda mismunandi verkferli eftir því hvort um skylduskil og lagalega innheimtu gagna er að ræða eða innkaup á erlendu efni. Hinar fjórar deildirnar voru síðan settar undir viðkomandi svið, upplýsingadeild og útlánadeild undir þjónustusvið og þjóðdeild og handritadeild undir varðveislusvið.

Forstöðumenn eru nú fjórir, þau Halldóra Þorsteinsdóttir fyrir upplýsingadeild, Bryndís Ingvarsdóttir er forstöðumaður útlánadeildar, Þjóðdeild er stýrt af Þorleifi Jónssyni og forstöðumaður handritadeildar er Örn Hrafnkelsson. Að auki hafa verið settir um 20 fag- og þjónustustjórar sem halda utan um þá margháttuðu verkþætti sem unnir eru í safninu. Með þessu hefur tekist að virkja marga starfsmenn til stýringar á faglegum verkum safninu og færa faglegu ábyrgð á starfsemi nær þeim sem verkefni vinna.

Undirbúningsvinna vegna skipulagsbreytinganna.

Mikil fundahöld tengdust undirbúningi skipulagsbreytinganna. Þann 19. mars var starfsmannafundur þar sem kynnt var staða mála varðandi skipulagsbreytingarnar. Þann 7. maí var haldinn fundur með öllu starfsfólkinu þar sem nýtt var tækni sem kallast "Lýðræði á vinnustað". Með því var öllum starfsmönnum gefinn kostur á að tjá sig um kosti og galla vinnustaðarins. Voru notaðir gúlur miðar þar sem starfsmenn skráðu það sem þeir töldu að aflaga færi í safninu svo og það sem teldist styrkur safnsins. Ráðgjafar frá Alta, Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Halldóra Hreggviðsdóttir, stýrðu þessari vinnu og 13. maí gerðu þær grein fyrir niðurstöðum og greiningu frá þeim samráðsfundum. Næst í ferlinu var að þau Halldóra og Runólfur Steinþórsson dósent við HÍ tóku viðtöl við starfsmenn hér innan húss um viðhorf þeirra til breytinga og á hvern hátt mætti bæta rekstur safnsins með breyttu skipulagi. Þann 11. september voru svo kynntar niðurstöður af þeirri vinnu og jafnframt kynnt nýtt skipulag fyrir safnið sem taka skyldi gildi 1. október. Enn var fundað og nú var það hópeflisfundur á Þingvöllum þangað sem öllum starfsmönnum safnsins var boðið í eins dags ferð. Leiðbeinandi í þessari ferð var Jóhann Ingi Einarsson sálfræðingur. Á þessum fundi var kynnt stefna safnsins í samskiptum undir heitinu: *Leiðarljós í samskiptum* sem er skjal sem allir starfsmenn hafa fengið.

Framkvæmdaráð

Ein stjórnunarleg nýjung sem fylgdi skipulagsbreytingunum er að stofnað var framkvæmdaráð fimm stjórnenda sem hittist vikulega til að taka ákvarðanir varðandi rekstur og starfsemi safnsins. Í framkvæmdaráði sitja Sigrún Klara Hannesdóttir, landbókavörður, Þorsteinn Hallgrímsson aðstoðarlandsbókavörður, Edda G. Björgvinsdóttir fjármálastjóri og sviðsstjóri rekstrarsviðs, Áslaug Agnarsdóttir sviðsstjóri þjónustusviðs og Kristín Bragadóttir sviðsstjóri varðveislusviðs. Framkvæmdaráð hélt sinn fyrsta fund 1. september 2003 og hélt alls 16 fundi fram til áramóta.

Safnráð

Eftir gamla skipuritinu var safnráð skipað 10 mönnum, þ.e. forstöðumönnum deilda og yfirstjórn: Í safnráði voru fyrir skipulagsbreytingar þau Áslaug Agnarsdóttir, Guðrún Karlsdóttir, Halldóra Þorsteinsdóttir, Kristín Bragadóttir, Þorleifur Jónsson, Ögmundur Helgason, svo og Þorsteinn Hallgrímsson aðstoðarlandsbókavörður, Edda G. Björgvinsdóttir fjármálastjóri, Herdís Þorgrímsdóttir starfsmannastjóri og landsbókavörður Sigrún Klara Hannesdóttir.

Safnráð hélt alls 8 fundi á árinu og var helsta umræðuefnið skipulagsbreytingarnar og nýja stefnumörkunin. Með skipulagsbreytingum breyttist samsetning ráðsins og jafnframt hlutverk þess. Í safnráði sitja ennþá 10 aðilar: sviðsstjórnir Áslaug Agnarsdóttir, Kristín Bragadóttir og Edda G. Björgvinsdóttir, forstöðumennirnir Halldóra Þorsteinsdóttir, Bryndís Ingvarsdóttir, Þorleifur Jónsson og Örn Hrafnkelsson, svo og Herdís Þorgrímsdóttir starfsmannastjóri, Þorsteinn Hallgrímsson aðstoðarlandsbókavörður og Sigrún Klara Hannesdóttir, landsbókavörður. Hlutverk safnráðs hefur breyst og er það nú fremur stefnumótandi fyrir safnið í heild þar sem framkvæmdaráð hefur tekið við afgreiðslu þeirra mála sem snerta daglegan rekstur.

Rekstraráætlun breytt

Meðal þeirra breytinga sem tengdust skipulagsbreytingunum var að fjármál, rekstraráætlanir og forgangsröðun verkefna fluttust frá yfirstjórn yfir á hvert svið fyrir sig og gerð var sérstök rekstraráætlun og verkefnaáætlun fyrir hvert svið. Var fjárveitingum til safnsins skipt upp á milli sviðanna þriggja og hvert svið gerði jafnframt drög að verkefnaáætlun fyrir árið 2004. Þetta var gert til þess að fagleg ábyrgð og fjárhagsleg yfirsýn haldist í hendur. Sem framhald af því var undirbúin forgangsröðun verkefna fyrir hvert svið og þar með fyrir safnið allt. Tilgangurinn er að gera markvissa kostnaðaráætlun ásamt mannaflaþörf fyrir hvert það viðfangsefni sem sviðin setja á oddinn.

Starfsmannahandbók

Í tengslum við skipulagsbreytingarnar var hafist handa við að gera starfsmannahandbók sem geymdi allar þær reglur sem gilda um starfsemina, um réttindi og skyldur starfsmanna og þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um hvað ána. Unnið var við þessa nýju handbók síðari hluta ársins en formlega var hún kynnt í janúar 2004. Handbókin er á *Inngangi*, innri vef safnsins og er lifandi skjal sem tekur breytingum eftir því sem aðstæður breytast. Ábyrgð á uppfærslu hennar hefur sviðsstjóri rekstrarsviðs.

Siðanefnd

Innan safnsins hefur verið sett á laggirnar þriggja manna siðanefnd. Í siðanefndinni sitja einn sviðstjóri, einn forstöðumaður og einn fulltrúi starfsmanna sem kosinn er úr þeirra hópi. Siðanefnd er skipuð til tveggja ára í senn en í fyrsta sinn er hún skipuð til eins árs. Starfsmannstjóri getur vísað málum til siðanefndar telji hann ástæðu til. Fyrsta siðanefndin var kosin á starfsmannafundi 11. nóvember og er skipað eftirtöldum starfsmönnum: Áslaugu Agnarsdóttur, Þorleifi Jónssyni og Ingibjörgu Árnadóttur. Siðanefnd er bundin algjörum trúnaði og starfsmaður getur treyst því að fyllsta hlutleysis og trúnaðar sé gætt við meðferð þeirra mála sem koma til umfjöllunar þess. Tekið er á málum af festu og fagmennsku og starfsmaður fær alla þá aðstoð sem á þarf að halda. Telji starfsmaður sig hafa verið órétti beittan þá kemur hann máli sínu á framfæri við einhvern þeirra aðila sem í siðanefnd sitja. Siðanefndin fjallar um málið og leitar leiða til lausnar þess, í samráði við starfsmanninn sjálfan.

Starfsmat

Í samræmi við ákvæði kjarasamninga sem gerðir voru árið 2001 var hafist handa við að vinna starfsmat í safninu þar sem öll störf skyldu metin til eininga. Handbókin *Skref. Notendahandbók um starfsmat* var lögð til grundvallar þessari vinnu. Elísabet Þorsteinsdóttir var ráðin sem starfsmatsstjóri fyrir Háskólann í febrúar 2003 og var ákveðið að Landsbókasafn yrði fyrsta stofnunum sem færi í almennt starfsmat en allar stofnanir Háskólans eiga að fara í samskonar mat á tveimur árum. Meta á öll þau störf í Háskólanum sem ekki eru akademísk, en akademísk eru þau störf talin, sem kalla á hæfnismat áður en í þau er skipað. Allir starfsmenn í safninu, sem eru meðlimir í SFR (Starfsmannafélagi ríkisstofnanna), Fh (Félagi háskólakennara) og KVH (Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga) tóku þátt í þessu starfsmati. Eingöngu voru metin föst störf en ekki störf sem ráðið er í tímabundið eða átaksverkefni. Matið byggir á starfslýsingu fyrir viðkomandi starf, en síðan er fyllt út sérstakt eyðublað - það sama fyrir allar deildir - þar sem viðkomandi starfsmaður fær tækifæri til að tilgreina það sem telst sérstakt fyrir viðkomandi starf. Fyrst og fremst er verið að meta starfið, en óhjákvæmilegt er í sumum tilvikum að starfið taki mið af þeim einstaklingi sem í því situr og hefur mótað það, stundum á löngum tíma. Var matinu lokið eftir að nýtt skipulag tók gildi og þar sem miklar breytingar hafa orðið á störfum og stöðum þarf að hluta til að endurgera starfsmatið í ljósi þess til þess að það gildi fyrir störfin eins og þau eru núna. Enn er eftir að tengja saman starfsmatið og launakerfið og er það unnið á vegum Háskólans.

Í vikulokin

Vikulegir pistlar undir nafninu *Úr stólnum* voru sendir út fyrri hluta ársins en gert var hlé á þeim í júní þegar sendir höfðu verið út 12 pistlar. Þessir vikulegu pistlar voru aftur upp teknir í nóvember undir nafninu *Í vikulokin*, eftir að eindregin ósk hafði komið fram á starfsmannafundi að nauðsynlegt væru að hafa reglulegt upplýsingastreymi innan safnsins. Voru sendir út fimm pistlar fram að áramótum. Tilgangur pistlanna er að starfsmenn geti fylgst með því sem er að gerast á öllum sviðum safnsins og í hverjum fag- og þjónustuhópi. Ætlast er til að allir stjórnendur og í raun allir starfsmenn safnsins hafi þarna vettvang til að vekja athygli á hverju því sem til framfara horfir.

Starfsmannafundur

Fyrsti starfsmannafundur eftir skipulagsbreytingar var 11. nóvember. Á dagskrá voru tvö málefni annars vegar tillögur um upplýsingamiðlun innan húss og hins vegar um siðanefnd safnsins. Niðurstöður fyrri málsins voru þær að hefja á ný vikulegan pistil þar sem fagstjórar og þjónustustjórar segðu frá því sem máli skiptir innan sinna sviða til þess að auka upplýsingastreymi innan húss. Varðandi síðara málið var kosið í fyrstu siðanefnd safnsins.

Skjalasafn

Méðal þess sem tekið var upp eftir skipulagsbreytingu var að ákveðið var að setja starfsmann í hálfu starfi í vinnu við skjalasafn safnsins. Var Grímhildi Bragadóttur falið að annast það starf. Var vinnan einkum tvenns konar, annars vegar að búa til skjalalykil fyrir ný skjöl og hins vegar að skrá eldri skjöl safnsins og koma þeim í geymslu.

Tengsl við Háskóla Íslands

Árið 2003 var unnið að því að endurskoða samstarfssamning milli Landsbókasafns og Háskólans varðandi ýmsa þætti þar sem hagsmunir stofnananna tveggja liggja saman. Eldra samkomulagið var frá 1997 og því kominn tími til endurskoðunar. Samningurinn byggist á stefnumörkun beggja aðila, annars vegar markmiðs- og aðgerðaáætlun Landsbókasafns (*Þekkingarveita á norðurslóð*) og hins vegar vísinda og menntastefnu HÍ. Í árslok 2003 lágu fyrir drög að samkomulagi um helstu þætti samstarfsins svo sem um ritakaup og önnur akademísk málefni, um aðstöðu fyrir nemendur og kennara, um þá þjónustu sem safnið veitir og með hvaða kjörum, um útibú og rekstur þeirra, um afgreiðslutíma safnsins og um sameiginleg starfsmannamál og fjárhagsleg málefni.

Háskólafundur

Landsbókaáætlunir á sæti á háskólafundum og árið 2003 voru haldnir þrjú fundir, 9. fundur haldinn 23. maí, 10. fundur 8. september og 11. fundur 7. nóvember. Á dagskrá háskólafundar voru ýmis stefnumótandi atriði sem tengjast framtíðarsýn

háskólans og vísinda- og menntastefnu hans en jafnframt voru rædd mál s.s. málstefna og siðareglur. Málefni safnsins komu aðeins óbeint til skoðunar.

Nýr Gegnir, bókasafnskerfi fyrir allt landið

Þann 19. maí var tekið í notkun nýtt bókasafnskerfi sem nær yfir allt landið. Kerfið er rekið af hlutfélagi sem er að hálfu leyti í eigu ríkisins og hálfu leyti í eigu sveitarfélaga. Landsbókasafn hætti þar með rekstri á bókasafnskerfinu Gegni. Landsbókasafn tekur eigi að síður mikinn þátt í rekstri gagnasafnsins og ber ábyrgð á bókræðilegum gæðum þess. Rekstur bókasafnskerfis fyrir heilt land með alls konar bókasöfnum, jafnvel niður í smæstu skólasöfn, er flókin framkvæmd og því ekki að undra þótt ýmsir hnökror hafi komið í ljós þegar gögn voru flutt úr mismunandi tölvukerfum inn í sameiginlegan gagnagrunn. Áætlaður rekstrarkostnaður kerfisins er um 75 milljónir á ári og er Landsbókasafn langstærsti greiðandi að þeim hluta þjónustugjalds sem ríkið leggur til.

Skráningarráð

Í samningum Landskerfis bókasafna hf. um sérfræðipjónustu vegna bókasafnskerfis og um afnot af kerfinu er gert ráð fyrir starfandi skráningarráði sem hafi það hlutverk að skera úr um ágreining varðandi skráningu og skráningarheimildir. Í viðauka við samningana er fjallað nánar um *skráningarráð* á eftirfarandi hátt: „Árlega skal verksali [Landskerfi bókasafna hf.] skipa nefnd sérfræðinga, svonefnt skráningarráð að fenginni tillögu frá stjórn notendafélags kerfisins (Aleflí). Skráningarráðið skal setja reglur um bókræðilega skráningu og ber verkkaupa [aðildarsöfnum] að hlíta þeim reglum, enda sé markmið þeirra að auka gæði bókræðilegra gagna í kerfinu. Skráningarráð hefur umboð til að veita skráningarréttindi í kerfinu og afturkalla þau.“ Með skráningarráði starfa þrjú sérfræðingar (án atkvæðisréttar) og eru tveir af þessum þremur sérfræðingum starfsmenn Landsbókasafns en sá þriðji er starfsmaður Landskerfis. Ritstjóri efnisorða er Ragna Steinarsdóttir sem hefur daglega stjórnun efnisorðasamvinnu á hendi, þ.e. tekur við tillögum um efnisorð frá samstarfsaðilum, fullmótar valorð, vikorð og stigveldi og leggur tillögur fyrir skráningarráð til umfjöllunar og afgreiðslu. Ritstjóri bókræðigrunnis Gegnis er Hildur Gunnlaugsdóttir sem annast viðvarandi gæðaeftirlit með uppbyggingu bókræðigagna, tekur við ábendingum og tillögum frá samstarfsaðilum og leggur fyrir skráningarráð til umfjöllunar og afgreiðslu. Ritstjóri hefur umsjón með þjálfun varðandi skráningarþátt kerfisins.

„Komdu og skoðuðu í kistuna mína“

Námskeið voru haldin fyrir almenning í Þjóðarabókhlöðu á fyrstu mánuðum ársins. Var gert

samkomulag við Reykjavíkurakademiuna um að félagar þar sæju um námskeiðahaldið og lögð var áhersla á efni sem tengdist efni bókasafnsins. Fyrsta námskeiðið var *Rapp og rímur* þar sem Steindór Andersen og Jón Magnús Arnarson fluttu annars vegar gamlar rímur og hins vegar frumsamið rapp. Hilmar Örn Jónsson tengdi rappið og rímurnar saman í sögulegu samhengi. Viðar Hreinsson fjallaði um *Stephan G. Stephansson* og aðferðir við gagnaöflun við ævisögugerðina. Auður Ingvarsdóttir flutti fyrirlestur um *Konur í fornöld* og Sumarliði R. Ísleifsson um *Ímynd Íslands að fornu og nýju*. Loks flutti Davíð Ólafsson erindi sem hann kallaði *Bókmenntir í bændasamfélagi 19. aldar*.

Geymslusafn í Mjódd

Frá 1. apríl var tekið á leigu húsnæði í Mjódd sem nota á sem geymslusafn eða bókahótel! Þetta eru rúmlega 600 fermetrar og var húsnæðið leigt til 15 ára. Var fljótlega hafist handa við að tæma geymslur sem safnið hafði víða um bæinn og setja upp hillur og búa geymslusafnið undir sitt framtíðarhlutverk. Var safnkosturinn í Laugarnesinu grisjaður áður en flutningurinn fór fram og einnig var ákveðið að velja úr geymslum hér innan húss það efni sem má fara á bókahótelinu til að létta á þeim. Mun geymslusafnið væntanlega létta mikið á þörfinni fyrir geymsluhúsnæði og viðbyggingu og jafnframt verður efni sem er í geymslum betur aðgengilegt þegar búið er að koma því í hillur.

Heimsóknir í safnið

Delta Kappa Gamma Society International. Félag kvenna í fræðslustörfum. 25 konur. Safnkynning 24. febrúar.

Zonta. 20 konur. Safnkynning 23. mars
10 samskrir barnabókaverðir frá Gautaborg. Safnkynning 22. maí.

Erlendir fyrirlesarar

Sharon Denis Wyeth. Bandarískur barnabókavörður. Fyrirlestur 29. apríl.

Lynne Copeland. Háskólabókavörður í Vancouver, Kanada. Fyrirlestur 4. september.

Erlend samskipti

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hittast að jafnaði tvisvar á ári til að ræða sameiginleg hagsmunamál. Fundirnir rótera á milli landa og eru haldnir í stórborgunum til skiptis. Þátttakendur eru yfirleitt átta talsins, fimm þjóðbókaverðir (Færejar og Grænland hafa ekki verið með) og síðan forstöðumenn þeirra þriggja embætta sem sinna bókasafnamálum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Árið 2003 var aðeins haldinn einn fundur og var sá haldinn 10. janúar í Kaupmannahöfn.

CENL – Conference of European National Librarians.

Þessi félagsskapur er stofnun (foundation) undir hollenskum lögum sem hefur það að megin markmiði að auka og efla hlutverk þjóðbókasafna í Evrópu. Einkum er lögð áhersla á hlutverk þeirra í varðveislu þjóðlegs menningararfs og við að tryggja aðgengi að þessum arfi. Meðlimir þessarar stofnunar eru þess vegna þjóðbókaverðir allra þeirra landa sem heyra undir Evrópuráðið. Nú eru meðlimir 41 frá 39 löndum.

Þessi samtök hittast einu sinni á ári og ræða þau verkefni sem í gangi eru á hverjum tíma og marka stefnu til framtíðar. Þessi árlegi fundur var haldinn í Vilnius, Litháen dagana 24. - 26. september. Að þessu sinni sátu fundinn 42 aðilar frá nokkuð færri löndum. Þau verkefni sem mest var fjallað um var *TEL, The European Library* sem nú hefur lokið þróunartímabili sínu og rætt var um hvort hægt væri að koma þessu verkefni í fulla starfsemi. *Gabriel* (Gateway to Europe's National Libraries) er hin opinbera veraldarvefsþjónusta sem evrópsku þjóðbókasöfnin bjóða upp á og veitir upplýsingar um þjóðbókasöfn í Evrópu, safnkost þeirra og þjónustu til þess að greiða fyrir aðgangi að þeim og stuðla að því að nýir þjónustupættir sem byggjast á samtengdu skipulagi verði til.

Leiðtogafundur um upplýsingasamfélagið


Fyrsti alþjóðlegi leiðtogafundurinn um upplýsingasamfélagið var haldinn í Genf í Sviss dagana 10. - 13. desember. Landsbókavörður var í

íslensku sendinefndinni sem alls taldi níu manns með menntamálaráðherra í broddi fylkingar. Það voru Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóða fjarskiptasambandið ásamt ríkisstjórn Sviss sem undirbjuggu fundinn. Um 10.000 manns frá 191 landi sóttu fundinn og voru í þeim hópi 44 þjóðarleiðtogar ásamt fjölda ráðherra, forstjóra tæknifyrirtækja og alþjóðasamtaka. Í lok fundarins náðist samkomulag um yfirlýsingu og verkáætlun um hvernig koma skyldi verkefnaáætluninni í framkvæmd. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér málin betur geta flett upp á Declaration of Principles and Plan of Action um slóðina <http://www.itu.int/wsis/index.html>.

PULMAN

Landsbókavörður sótti ráðstefnu á vegum Evrópuráðsins undir heitinu **PULMAN Policy Conference. Learning from each other.** Þetta var nokkurs konar uppskeruhátíð þar sem verið var að kynna árangur af mikilli evrópski samvinnu á sviði bókasafns, skjalasafna og minjasafna, og kallað hefur verið PULMAN network. Á ráðstefnunni voru kynnt 12 verkefni sem þóttust hafa tekist sérlega vel. Þar má nefna Finfo: Information for ethnic minorities frá Árósum í Danmörku; BEASTS: Boosting the economy by assisting SMEs in the tourism sector frá Wales; ACTIVATE, Working with thematic networks to access cultural heritage, frá Írlandi; og iGS: Information Gas Station frá Helsinki. Í lok ráðstefnunnar var svo samþykkt yfirlýsing um stefnumótun á þessu sviði, svokölluð **Oeiras manifesto**.


Skipurit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns



Fjármál

Þróun fjármála og fjárveitinga

Í töflunni hér að neðan sjást fjárveitingar til safnsins á verðlagi hvers árs um sig. Sértekjur, þ.e. sjálfsaflafé safnsins, koma ekki fram, en í *Töflu 14* koma fram heildarútgjöld árunna 1994 (desember) til 2003.



Á árinu 2003 var ritakaupafé frá HÍ 48,0 millj. kr., en var árið áður 47,1 millj. kr. Einnig kom 14,0 millj. kr. fjárframlag til safnsins gegnum fjárlög háskólans vegna lengingar opnunartíma, þannig að raunveruleg fjárveiting frá ríkinu á árinu 2003 var **508,6 millj. kr.**

Sjóðir og styrkir

NORDINFO

Safnið sótti um styrk til að halda áfram með VESTNORD verkefnið og við síðustu úthlutun á þessu ári fékk safnið 55.300 evrur í styrk. Einnig er safnið aðili að tveimur öðrum styrkjum frá NORDINFO, annar snertir áframhaldandi þróun á Nordic Web Archive og hinn greiðir fyrir norrænni samvinnu í tengslum við alþjóðlega samvinnu um söfnun vefsíðna.

Verslunarfélag Reykjavíkur

Stjórn VR samþykkti árið 2002 að veita kr. 500.000 styrk til Þjóðarbókhöðunnar til að kaupa bækur í vinnumarkaðsfræði næstu þrjú árin. Styrkurinn er veittur í þrennu lagi, kr. 300.000 fyrsta árið, og kr. 100.000 næstu tvö árin á eftir, þ.e. 2003–4.

Rannsóknarleyfi

Samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags háskólakennara og samningum annarra sambærilegra kjarafélaga er heimilt að veita starfsmönnum leyfi til framhaldsnáms eða rannsókna allt að tvo mánuði á fjögurra ára fresti. Ákveðin upphæð er á fjárlögum vegna rannsóknarleyfa starfsmanna í fjárhaglega sjálfstæðum stofnunum sem tengjast Háskóla Íslands. Á árinu 2003 sóttu alls

12 starfsmenn safnsins um styrk en sex fengu rannsóknarleyfi sem hér segir:

Áslaug Agnarsdóttir.

Einn mánuður til að kynna sér uppsetningu og starfrækslu rafræns námsbókasafns.

Emilía Signarsdóttir.

Einn mánuður til að kynna sér undirbúning að sýningum t.d. á handritum, fagætisbókum, bréfum og skjölum í British Library og The National Library of Scotland.

Erla Kristín Svavarsdóttir.

Tveir mánuðir til að kynna sér forritunarvinnu á bókasöfnum á Norðurlöndunum og það nýjasta í vefforritun, forritun og gagnagrunnum í Bandaríkjunum.

Haldóra Þorsteinsdóttir.

Einn mánuður til að kynna sér rafræna upplýsingaþjónustu (spjallrásarkerfi) og gagnvirka notendafræðslu á Netinu.

Monika Magnúsdóttir.

Einn mánuður til að kynna sér háskólabókasöfn í Sviss og til að gera athugun á einkasafni Werners Schutzbachs.

Þorný Hlynsdóttir.

Tveir mánuðir til að kynna sér uppsetningu og starfrækslu rafrænnar greinaþjónustu.

Aðfangadeild

Hlutverk

Hlutverk aðfangadeildar er að annast uppbyggingu safnkosts bókasafnsins. Þannig annast deildin val og kaup á bókum, tímaritum og öðrum safngögnum svo og ritaskipti, hefur umsjón með skylduskilum íslenskra prentaðra gagna og tekur á móti gjöfum sem berast safninu. *Samskrá um erlend tímarit* er á vegum deildarinnar sem annast ennfremur samskipti vegna þátttöku Íslands í NOSP og sér fyrir Íslands hönd um úthlutun á alþjóðabóknum (ISBN) og alþjóðlegum númerum tímarita (ISSN).

Við skipulagsbreytingarnar fluttist starfsemi skylduskilanna svo og önnur aðfangastarfsemi í þágu þjóðdeildar auk ISBN-skrifstofunnar yfir til hinnar nýju þjóðdeildar. Aðrir þættir starfseminnar fluttust til útlánadeildar (bókakaup, gjafir og ritaskipti) og upplýsingadeildar (tímaritahald, ISSN-skrifstofan).

Skylduskil

Í skylduskilum er unnið að móttöku, ráðstöfun, frágangi og skráningu nýrra rita jafnharðan og þau berast. Enn fremur er unnið úr bókagjöfum sem berast og reynt að fylla inni í vantánir.

Þjónusta af ýmsu tagi við aðrar deildir safnsins og fleiri er þáttur í starfinu í skylduskilum, og einnig þarf að hafa samband við skilaskylda aðila og svara ýmsum fyrirspurnum um skylduskilin. Við talningu árið 2003 reyndust símtöl vegna innheimtu 507 og fjöldi bréfa vegna innheimtu 148. Fjöldi fyrirspuma í heild vegna skylduskila var á sama tíma 343.

Ný lög um skylduskil til safna gengu í gildi 1. janúar 2003. Reglugerð um skylduskil til safna (nr. 982/2003), sem kveður á um framkvæmd skylduskilanna, var sett 5. desember 2003 og öðlaðist begar gildi.



Ritakaup

Árið 2003 var fjárveiting frá einstökum deildum háskólans til safnsins vegna ritakaupa sem hér segir: guðfræðideild, 430.000; tannlæknadeild, 1.000.000; lyfjafræðideild, 1.200.000; lagadeild, 3.500.000; viðskipta- og hagfræðideild, 6.000.000; heim-spekideild, 7.000.000; verkfræðideild, 3.480.000; félagsvísindadeild, 7.800.000; raunvísindadeild, 18.100.000. Samtals eru þetta 48.510.000 kr. Fénu er varið til uppbyggingar ritakosts á fræðasviði deildanna í samráði við bókasafnsfulltrúa/bókasafnsnefndir og aðra sem málið varðar eftir atvikum. Bókasafn Landspítalans mun framvegis annast ritaöflun í þágu deildanna sem áður var í umsjá Landsbókasafns. Rennur því fjárveiting deildanna til ritakaupa framvegis þangað.

Tímaritahald

Við kerfisskiptin vorið 2003 voru mikilvæg gögn í aðfanga- og tímaritabætti sem ekki fluttust yfir í nýja kerfið. T.a.m. þurfti að gera allar pantanir og komuspár fyrir tímarit á ný í nýja kerfinu, og var þar um stórt áaksverkefni að ræða í tímaritahaldi (og reyndar skylduskilum).

Á árinu komu til framkvæmda samningar milli HÍ fyrir hönd læknadeildar og hjúkrunarfræðideildar annars vegar og bókasafns og upplýsingamiðstöðvar Landspítala, háskólasjúkrahúss hins vegar sem m.a. fela það í sér að ritakaupafé deildanna rennur ekki lengur til Landsbókasafns. Það hafði m.a. í för með sér að öllum tímaritum sem læknadeild hafði kostað, um 50 talsins, var sagt upp í árslok 2003.

Vandinn sem minnst var á í ársskýrslu 2002 í sambandi við raunvísindatímaritin var enn til staðar 2003 þrátt fyrir umtalsverða aukningu á ritakaupafé deildarinnar. Það jók vandann enn frá sjónarhóli tímaritahalds að ákveðið var að færa ábyrgð á fjárveitingu til ritakaupa frá deild til skora.

Landssamningar um aðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum sem gerðir voru seint á árinu miðast fyrst og fremst við rafræna útgáfu, en prentuð útgáfa verður ekki keypt nema í undantekningartilvikum. Prentuðum áskriftum mun því enn fara fækkandi. Þar sem samningur er ekki bundinn prentuðum áskriftum var bætt við á árslista 2003 yfir tímarit deilda og skora háskólans upplýsingum um útfefendur, birgja og ISSN-númer í því skyni að gera uppsagnir áskrifta markvissari.

Farið var að undirbúa tímaritaflutninga í hið nýja geymsluhúsnæði í Mjódd í árslok.



Bókasafnsfulltrúar/bókasafnsnefndir deilda

Samkvæmt samþykkt háskólaráðs frá því í desember 1998 starfa bókafulltrúar eða bókasafnsnefndir í deildum háskólans, og er hlutverk þeirra „að hafa yfirsýn yfir þarfir viðkomandi deilda fyrir þjónustu safnsins og leita samráðs við safnið um það hvernig megi efla hana“ og „að gera tillögu fyrir hönd deildar um skiptingu og ráðstöfun ritakaupafjár.“ Tengiliðir af hálfu safnsins eru forstöðumenn útlánadeildar, upplýsingadeildar og aðfangadeildar

Keyptur aðgangur að gagnasöfnum um Netið

Í flestum tilvikum er ekki um að ræða eiginleg kaup á gögnum heldur er samið um kaup á aðgangi að tilteknum gögnum í tiltekinn tíma með ákveðnum skilyrðum. Í árslok 2003 var aðgangur að gagnasöfnum með þeim hætti sem hér segir:

A. Landsaðgangur (þ.á m. er aðgangur að öllum tímaritum nokkurra stórra tímaritaútgefenda):

Britannica Online Grove's Dictionaries (Macmillan) IDEAL (Academic Press) Ingenta (Blackwell) Karger Kluwer Online Literature Online Meriam-Webster Morgunblaðið (gagnasafn) Ovid. ProQuest 5000 ProQuest Learning Literature ScienceDirect (Elsevier) Springer Link Synergy (Blackwell) Web of Science (ISI).

Sjá nánar um landsaðganginn á s. 29.

B. Aðgangur í félagi við aðra (aðgangur frá tilteknum IP-tölum):

CSA – Cambridge Scientific Abstracts, ásamt EconLit CSA, GeoRef CSA og ARTbibliographies Modern Ei Engineering Village 2 MD Consult Ovid, nokkrir bókræðigrunnar og tímaritasöfn, þ.m.t. PsycInfo, Cinahl og OpenLinks CRC Press Handbooks.

C. Safnið eitt eða safnið og Háskóli Íslands í heild eða deildir hans (aðgangur með notendanafni/ aðgangsorði eða frá tilteknum IP-tölum):

ENGnetBASE Global Books in Print Historical Abstracts ISSN Register JSTOR Business Collection Karnovs Lovsamling og UfR LISA Lovdata CELEX MathSciNet (AMS) MLA Norart Philosopher's Index PROLA (Phys. Rev. Online Arch.; AIP) Réttarríkið (Hæstaréttardómar) SwetsNetNavigator (Electronic Journal Service) UN Optical Disk System (rit Sameinuðu þjóðanna) UN Treaty Collection (UNTC) UNSTATS Common Database WebDewey.

Ennfremur skal minna á tímarit/ársrit til viðbótar þeim sem eru í landsaðgangi, þ.e. staka titla í áskrift hjá útgefendum eða tímaritasöllum.

Gjafir

Fjölmargar bóka gjafir bárust safninu á árinu að venju, og var unnið úr þeim eftir því sem starfskraftar leyfðu jafnframt því sem gengið var frá eldri gjöfum.

Robert Cook prófessor gaf nær 400 bindi valinna bóka, mest á sviði bókmennta.

Goethe-Zentrum gaf um 100 bindi bóka eftir þýska nútímahöfunda, einnig nokkur tímarit (nokkra titla).

Guðrún Jónsdóttir afhenti safninu bækur sínar á sviði félagsráðgjafar, feminisma o.fl., alls nokkur hundruð bindi.

Háskóla Íslands barst á árinu, fyrir milligöngu íslenska sendiherrans í Japan, gjöf japanskra bóka, og hefur hún verið falin safninu til varðveislu og eignar. Hér er um að ræða merkilegt safn fágætra rita sem

mörg hver eru listilega úr garði gerð og bera japanskri bókagerðarlist fagurt vitni.

Unnsteinn Stefánsson gaf bækur í haffræði og skyldum greinum, alls nokkur hundruð bindi.

Hér verða taldir nokkrir gefendur aðrir frá árinu 2003, en því fer fjarri að hér sé um tæmandi lista að ræða:

Addison Wesley. – ADG (Paris). – Andri Steinþór Björnsson. – Áslaug Agnarsdóttir. – Bandaríska sendiráðið, Reykjavík. – Beatrice Bixon. – Bókasafn Flensborgarskólans í Hafnarfirði. – Dott. Manuela Stulvia Campanini. – The Centre for East Asian Cultural Studies for Unesco (Tokyo). – Gentiana Collaku. – Margaret Cormack. – Danska lektoratið. – Else Mie Einarsson. – Eyvindur P. Eiríksson. – Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga. – Financial Times. – Finniska sendiráðið. – Nelson Gerrard. – Guðrún Ólafsdóttir. – Terry Gunnell. – Haraldur Ólafsson. – Haukur Már Haraldsson. – Háskólaútgáfan. – Herdis Helgadóttir (um hendur Kvennasögusafns Íslands). – Hildur G. Eyþórsdóttir. – Hólmfríður Garðarsdóttir (hafði milligöngu um bóka gjöf háskólakennara í Buenos Aires). – ILCAA (Tokyo). – Jón Armann Héðinsson (um hendur Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur við Háskóla Íslands). – Jónas Einarsson. – Keldur (bókasafn). – Dr. Rudolf Koester. – Kristinn Ólason (ritróðin ATSAT). – Kristín Bjarnadóttir. – Kristín Bragadóttir. – Landsamtök hjólræðamanna. – Landspítalinn, háskólasjúkrahús (bókasafn). – The Live Oak Press (Palo Alto). – Menntamálaráðuneytið. – Nordisk Institut for Asienstudier. – Norræna húsið. – Norska lektoratið. – Orkustofnun, bókasafn. – Ólafur Grétar Gunnsteinsson. – Pálmi Ingólfsson. – Pro Helvetia. – Ragnheiður V. Skúladóttir. – Sigurður Erlingsson. – Sigurjón Egilsson. – Státní Opera Praha. – Tryggvi Lindal. – Jens Ulff-Møller. – Unnur Guðjónsdóttir. – Vésteinn Lúðvíksson. – Vigdís Þormóðsdóttir (bækur úr safni Sveins Skorra Höskuldssonar). – Þorleifur Friðriksson. – Þór Vilhjálmsson. – Ögmundur Helgason.

Ritaskipti og rit alþjóðastofnana

Árið 2003 var 192.496 kr. varið til kaupa á bókum og tímaritum vegna ritaskipta. Hefðbundnum samskiptum við skiptaaðila er haldið uppi en leitast við að draga enn úr þessari starfsemi, t.a.m. hefur ókeypissendingum tímarita og ritraða farið fækkandi á undanföllum árum.

Stefnt er að því að auka sem mest vefaðgengi að ritum alþjóðastofnana í stað pappíraskrifta þar sem slíkt stendur til boða.

Samskrá um erlend tímarit

Með tilkomu nýs bókasafnskerfis í maí 2003 fæðist ábyrgð á *Samskrá um erlend tímarit* frá Landsbókasafni Íslands til Landskerfis bókasafna. Mun Landskerfið taka við því hlutverki að senda upplýsingar úr *Samskránni* til NOSP fjórum sinnum á ári. Þá munu þau söfn sem taka nýja kerfið í notkun bera sjálf ábyrgð á að uppfæra tímaritaeign sína.

Auk gömlu Gegnissafnanna sem voru 11 talsins tók bókasafn Landspítala – háskólasjúkrahúss einnig kerfið í notkun á árinu 2003 og hefur unnið að lagfæringum á forða sínum í *Samskrá*. Ekki var kallað sérstaklega eftir nýjum upplýsingum frá hinum samskrársöfnum 48 en örfá söfn óskuðu sérstaklega eftir að settar yrðu inn leiðréttingar í nýja Gegni. Umsjónarmaður *Samskrár* í

Landsbókasafni fékk því aðgangsheimild að forðafærslum allra safna í nýja Gegni og mun geta haldið áfram fyrst um sinn að uppfæra skrána fyrir þau söfn sem enn hafa ekki aðgang að kerfinu.

NOSP

Í október 2003 var sent bréf til NOSP þar sem sagt var frá nýju bókasafnskerfi og gerð grein fyrir hvers vegna þeim voru aðeins sendar upplýsingar úr Gegni einu sinni á árinu í stað fjórum sinnum eins og venja er. Síðasta yfirfærslan úr gamla Gegni fór fram í mars 2003 og til stóð að fyrsta yfirfærslan úr nýja Gegni yrði í desember 2003. Það náðist þó ekki og enn er óljóst hvenær hún fer fram.

Heildarfjöldi færslna sem sendar voru til NOSP 7. mars 2003 var 12.186 færslur. Þar af voru 1.750 færslur án ISSN.

Alþjóðlegt bóknúmer (ISBN)

Skrá um ný ISBN-forlagnúmer og breytingar á heimilisföngum forlaga var send til alþjóðaskrifstofunnar í febrúar svo sem venja er. Um það bil 560 forlög eru nú skráð í forlagsgagnagrunninn. Ársskýrsla skrifstofunnar er send til Berlínar á haustin á stöðluðu formi frá alþjóðaskrifstofunni.

Tölulegar upplýsingar um starfsemi ISBN-skrifstofunnar árið 2003	
Ný, stök númer	303
Númeraraðir, þ.e. ný forlagstala eða nýtt forlag skráð	69
Símtöl, föx/bréf, tölvubréf send vegna ISBN-númera	348
Fyrirspurnir um önnur efni (vörunúmer, skráningu forlaga o.fl.)	53
Heimsóknir	15
Einstaklingar með stök númer voru í árslok	917

Alþjóðlegt tímaritanúmer (ISSN)

Starfsemi ISSN-skrifstofunnar mótaðist nokkuð vel á árinu 2002 og hélt áfram á svipuðum nótum á árinu 2003. Haldið var áfram að úthluta númerum fyrir ný tímarit sem tekin voru til greinaskráningar og vegna blaða og tímarita sem bættust í VESTNORD-grunninn jafnframt því sem stöðugt var unnið við að uppfæra færslur í OSIRIS. Þá var lögð sérstök áhersla á að lifandi dagblöð og héraðsfréttablöð fengju tímaritsnúmer og voru útgefendum sendar upplýsingar þegar númerinu hafði verið úthlutað. Nýjar færslur og leiðréttar voru sendar til alþjóðaskrifstofunnar í París u.þ.b. einu sinni í mánuði og ársskýrslu um starfsemina ásamt tölulegum upplýsingum skilað til hennar í ágúst. Að meðaltali bárust um tvær umsóknir á mánuði frá útgefendum um ISSN-númer vegna nýrra rita og töluvert var um fyrirspurnir um gerð strikamerkja gegnum síma og tölvupóst. Alls var úthlutað 94 tímaritsnúmerum á árinu, þar af 20 vegna nýrra rita skv. beiðni frá útgefendum. Tímarit í rafrænu formi sem fengu ISSN-númer voru tíu talsins en aðeins bárust þrjár umsóknir frá útgefendum vegna slíkra rita. Í lok árs 2003 voru færslur í OSIRIS alls 974 og höfðu þá 89 færslur bæst við frá því í lok árs 2002. Starfsmaður ISSN-skrifstofunnar sótti árlegan vinnufund, „28th Meeting of Directors of ISSN Centres“, sem boðað var til í Madrid dagana 29. september – 4. október 2003. Ný skráningarhandbók, „ISSN manual: cataloguing part“ (Paris, 2003), var gefin út fyrir á árinu og voru breytingar á skráningarreglum kynntar á fundinum. Þá er töluverðra breytinga að vænta fyrir starfsemi ISSN-skrifstofanna þegar nýtt tölvukerfi alþjóðaskrifstofunnar í París verður tekið í notkun eftir u.þ.b. eitt og hálf ár. Fyrirhugað er að leggja niður skráningarforritið OSIRIS frá og með miðju ári 2005 og ljóst að taka þarf ákvörðun um á hvern annan hátt best verður haldið utan um skráninguna. Greinargerð vegna fundarins sem var einstaklega gagnlegur var lögð fram í lok október.

Handritadeild

Hlutverk

Markmið handritadeildar er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Deildin sér til þess að sem tryggilegast sé búið um þennan safnkost og greiðir fyrir notkun hans, m.a. með útgáfu handritaskráa og með því að færa handrit á aðra miðla eftir þörfum. Jafnframt annast deildin kynningu á handritum og þjónustu við safngesti.

Stöðugildi

Stöðugildi voru fjögur.



Afgreiðsla handrita

Handrit eru lánuð á lestrarsal sem er sameiginlegur með þjóðdeild (aðskilinn með glervegg).

Handritadeildarmegin eru 18 lesborð. Um fjölda handritalána sjá *Töflu 8*.

Ef um lokunarkvaðir er að ræða á því efni sem um er beðið, er það aðeins lánað að fengnu samþykki réttra aðila. Prentaðar handritaskrár, sem pantað er eftir, eru á lestrarsal. Er í þeim að finna bæði efnislykla og mannanafnaskrár.

Aðföng

Haldin er aðfangaskrá, bæði yfir afhent eða gefin og keypt handrit. Um fjölda færslna í aðfangabók á ári hverju, sjá *Töflu 8*.

3. janúar. Mæðgurnar Nína Þórðardóttir og Kristín Traustadóttir afhentu gögn eiginmanns síns og föður, Trausta Einarssonar prófessors. - 7. janúar. Sólveig Jónsdóttir bókavörður afhenti, fyrir hönd Guðrúnar Sveinbjarnardóttur viðskiptafræðings, bréf frá föðurorömmu hennar, Guðrúnar Ísleifsdóttur frá Efri-Sýrlæk til vinkonu sinnar, Guðbjargar Jónsdóttur á Ísólfsskála. Með fylgja ljósrit af fleira efni sem varðar Guðrúnu. - 10. janúar. Vala Kristjánsson söngkona afhenti dagbók Haralds Jóhannssonar, sem búsettur er í Austurriki, yfir síðastliðið ár. Er hún lögð með öðrum bókum hans í lokaða geymslu. - 17. janúar. Ingimar Jónsson íþróttafræðingur afhenti fyrir hönd konu sinnar, Lovísu Einaradóttur íþróttakennara, gögn sem varða Steindór Björnsson frá Grafarholti. - 20. janúar. Oddur Helgason ættfræðingur afhenti ættartölu Hafsteins Björnssonar verslunarfulltrúa í Reykjavík, sem hinn síðarnefndi vann sjálfur af mikilli natni um árabíl. - 24. janúar Sæmundur Árnason, formaður Félags bókagerðarmanna, afhenti fyrir hönd félags síns margvísleg handritaöggn hjónanna Halldórssonar prentara og Kristínar Guðmundsdóttur hárgreiðslukonu. - 1. febrúar. Gísli Kolbeins prestur afhenti uppskrift af Smámunum eftir Sigurð Breiðfjörð, ásamt örk ur eldra kvæðasafni eftir ýmsa höfunda. - 10. febrúar. Ragnar Þorvaldsson, vélsmiður á Fáskrúðsfirði, afhenti útfararræðu sem Þorsteinn Þórarinnsson prestur hélt yfir sex systkinum er öll dóu úr barnaveiki og fóru í sömu gróf. Hafði móðir hans, Sigurborg Vilbergsdóttir frá Hvalnesi í Stöðvarfirði beðið hann að koma þessu efni á safn. - 17. febrúar. Gísli Kolbeins afhenti útfararæðusafn sitt, en hann hefur þjónað víða um land. - 21. febrúar. Haukur Jóhannesson, forseti Ferðafélags Íslands, afhenti ásamt Hjalta Kristgeirssyni, ritstjóra árbókar, marga kassa af útskrifuðum gestabókum úr skálum félagsins. - 28. febrúar. Helga Kjaran kennari afhenti fyrir sína hönd og systra sinna, Ólafar og Soffíu, dagbækur frænda þeirra, Hannesar (Árnasonar) Thorsteinsson bankastjóra, 15 bækur frá 1901–31, ásamt nokkrum bréfum og útfararræðum foreldra hans. Einnig fylgdu fáein bréf, útfararræður foreldra hans og uppkast að ættartölu o.fl. Þessi gögn hafði Birgir Kjaran alþingismaður, faðir systranna, varðveitt eftir föður sinn, Magnús Kjaran stórkaupmann. - 3. mars. Séra Gísli Kolbeins afhenti úr förum föður síns, séra Halldórs Kolbeins, leyfisbréf fyrir hjúskap Ólafs Simonarsonar og Jóhönnu Bjarnadóttur, ásamt eigin greinargerð um fólkíð. - 7. mars. Helga Kjaran kennari afhenti fyrir sína hönd og systra sinna, Ólafar og Soffíu, ýmis heiðurskjöl afa þeirra og ömmu, Magnúsar og Soffíu Kjaran, en Magnús stórkaupmaður var faðir Birgis alþingismanns, föður þeirra. - Einnig afhenti Helga frumteikningar Tryggva Magnússonar af Íslenzkum spilum, sem Magnús gaf út 1930, og uppköst og skýssur af skjaldarmerkjum nokkurra héraða og kaupstaða í tengslum við sömu hátíð, sem og teikningu af íslenska fánamerkinu 1944. Einnig fylgdi með uppskrift af dagbók forföður þeirra, Bjarna Thorsteinsson amtmanns, með hendi Birgis Kjaran, föður þeirra, og innsett efni í Skólaláð Menntaskólans í Reykjavík 1934–35, en þá var Birgir í ritstjórn blaðsins. Þessi gögn hafði Birgir Kjaran alþingismaður varðveitt eftir föður sinn, Magnús Kjaran stórkaupmann. - Sjá einnig 28. febrúar. - 7. mars. Berglind Gunnarsdóttir bókavörður afhenti bréf frá Hlin Johnson til Magnúsar Jónssonar frönskukennara í Menntaskólanum í Reykjavík. - 10. mars. Helga Kjaran kennari afhenti fyrir sína hönd og systra sinna, Ólafar og Soffíu, uppkast Björns Blöndal læknis á líkskoðunarskýrslu á barnslíki og líki Sólborgar Jónsdóttur á Svalbarði í Þistilfirði, í sambandi við rannsóknarmál Einars Benediktssonar á dauða þeirra 1893. Með fylgdi þýðing á smásögu og kveðskaparkver. Þessi gögn hafði Birgir Kjaran alþingismaður varðveitt eftir föður sinn, Magnús Kjaran stórkaupmann. Sjá einnig 28. febrúar og 7. mars - 19. mars. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra afhenti bréfasafn föðurforeldra sinna, Halldórs Ásgrímssonar alþingismanns og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur skólastjóra. Með bréfunum til Halldórs liggja undantekningarlítið svarbréf hans. - 28. mars. Hólmfríður Tómasdóttir bókavörður afhenti fyrir hönd Huldu Karenar Danielsdóttur kennara smásagnahandrit eftir Jóhann Magnús Bjarnason, sem Hulda hafði fengið í Vesturheimi. Er titill handritsins "Haustkvöld við hafið ... II. - 1. apríl. Einar Sigurbjörnsson prófessor afhenti viðbót við ræðusafn Magnúsar Guðmundssonar prests í Ólafsvík (sbr. afhendingu 28. mars 2000). - 2. apríl. Páll Baldvinsson leikstjóri afhenti fimm stílabækur og lausblaðaeefni, sem varðar aðdrætti Guðmundar Kamban rithöfundar að skáldverki hans Skálholti. Er þær merktar I - IV og VIII. Hafði Helga Bachmann leikkona verið beðin fyrir þessar bækur til Íslands eftir heimsókn hjá Sybil, einkadóttur Kamban, sem búsett hefur verið í Bandaríkjunum. - 16. apríl. Hólmfríður Tómasdóttir bókavörður afhenti útfararræðu yfir Þorgerði Guðmundsdóttur frá 1832, en henni hafði afhent Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður. Með fylgri bréf frá Eric Halldan Sigmar presti í Seattle í Vesturheimi, sem hafði eignast þessa ræðu og sendir hana Landsbókasafni. - 27. apríl. Hólmfríður Tómasdóttir bókavörður afhenti prédikanir og nokkur ljóðmæli, sem séra Neils Steingrímur Thorláksson (Niels Steingrímur Þorláksson) lét eftir sig. Var hann afi séra Eric H. Sigmar í Seattle, sem sendi Hólmfríði þessi gögn, eins og meðfylgjandi bréf greinir frá. - 28. apríl. Gísli H. Kolbeins prestur afhenti skjalagögn Félags fyrrverandi sóknarpresta 1939 - 2000. -

28. apríl. Martin Næs, landsbókavörður í Þórshöfn í Færeyjum, afhenti um hendur Emilíu Sigmarsdóttur bókavörðar eigin þýðingu og konu sinnar, Þóru Þóroddsdóttur, á Gerplu Halldórs Laxness á færeysku (Garpatáttur). Er um að ræða tölvútskrift með handskrifuðum athugasemdum. – 2. maí. Kom úr þjóðdeild “Beitarhúsamaðurinn”, blað úr Lærða skólanum frá 1903. Ritstjóri var Bogi Benediktsson, síðar verslunarmaður á Seyðisfirði og í Reykjavík. – 6. maí. Sigríður Sveinsdóttir formaður Félags tónlistarskólakennara afhenti gögn Tónlistarbandalags Íslands, sem starfaði á árunum 1984–92. – 23. maí. Sigurður A. Magnússon rithöfundur afhenti viðbót við fyrri gögn sín, bæði handrit að eigin verkum og bréf. – 18. júní. Kristín E. Jónsdóttir afhenti fyrirlestra á ensku, hljóðbönd með viðtölum við ýmsa þjóðkunnna Íslendinga og fleira efni úr dánarbúi Haralds Jóhannssonar hagfræðings. Var þetta gert í samráði við hálfystur hans, Ebbu I. Magnúsdóttur, kaupkonu á Akranesi. – 11. júlí. Úlfar Teitsson kaupmaður afhenti úr fórum föður síns, Teits Þorleifssonar kennara, ýmis tímstundagögn hans, mest bundið ættfræði úr Dala- Skagafjarðar- og Árnessýslu, það er frá ættarslóðum hans og Ingu Magnúsdóttur, konu hans. – 11. júlí. Sigríður Eiríksdóttir afhenti dagbækur bróður síns, Þorsteins Eiríkssonar farmanns, lengst af hjá Samskipum. Um er að ræða samtals 25 hefti og bækur, sumt ferðadagbækur til Suður-Evrópu en annað dagatalsbækur heima fyrir, allt frá efri árum, það er frá 1982–95. – 28. júlí. Gunnlaugur Ingólfsson orðabókarritstjóri afhenti ýmislegt aðfangaefti Sigfúsar Blöndal að riti hans Væringum, sem út kom 1954. Hafði þetta efni legið hjá Orðabókinni, líklega úr fórum Jakobs Benediktssonar, sem gekk frá bókinni til prentunar eftir andlát Sigfúsar. – 11. ágúst. Sveinbjörn Blöndal hagfræðingur í París gaf eftirtalin handrit (vélrít), sem hann hafði keypt í fornbókaversluninni Bókavörðunni: “Die isändische Währungspolitik seit 1931 in ihrer gesamtwirtschaftlichen Bedingtheit und in ihren Auswirkungen” eftir Birgi Kjaran og “The Lakes Settlement”, sem sennilega er tekið saman um 1965, þar sem segir frá nokkrum landnemum í Vesturheimi og ýmsu sem tengist hinum íslenska menningararfi. – 18. ágúst. Sigurður Kjartansson forstjóri Lánasýslu ríkisins afhenti handrit að “Tre sandfærdige Historier om Heste” eftir Gunnar Gunnarsson. Keyptu foreldrar hans, Kjartan Gunnarsson lyfjafræðingur og Dóróthea Jónsdóttir þetta handrit hjá Politiken í Kaupmannahöfn árið 1961, en það er nú gefið Landsbókasafni í minningu Kjartans, sem er nýlátinn. Með liggur miði með hönd Dórótheu um kaupin. – 20. ágúst. Keypt handrit, mest slitur, af Eiríki Eiríkssyni frá Dagverðargerði. – 19. ágúst. Vigdís Þormóðsdóttir afhenti aðrætti eiginmanns síns, Sveins Skorra Höskuldssonar prófessors, að riti um Gunnar Gunnarsson rithöfund, en Sveinn lést frá þessu verki á síðastliðnu ári. – 20. ágúst. Vigdís Þormóðsdóttir afhenti útfararræður föður síns, séra Þormóðar Sigurðssonar, sem gegndi Þóroddstaðarprestakalli alla sína embættisíð, sem og bréfasafn hans og konu hans, Önnu Jónsdóttur. Einnig afhenti hún bréf frá Kristbjörgu Marteinsdóttur, föðurmóður sinni, til Valgerðar Jónsdóttur, er var móðursystir bréfrítara. Var Valgerður kona Jóns Jónssonar í Múla. – 21. ágúst. Bára Magnúsdóttir bókmenntafræðingur afhenti kvæðagögn vesturíslendingans Franklin Johnson, sem fluttist hingað til lands og tók sér nafnið Franklin Jónsson, en hún hefur valið úr þeim til útgáfu. – 27. ágúst. Kristján Oddsson bankastjóri afhenti tvö bréf frá Páli Ólafssyni til Björns Stefánssonar á Fáskrúðsfirði. Kristborg Benediktsdóttir, kona hans, hafði fengið bréfin frá Jóni Jónssyni, sem var kvæntur Láru, ömmusystur hennar. Hét hún Valgerður. Var faðir þeirra sá Björn Stefánsson, bóndi í Dölum, sem fékk bréfin. – 29. ágúst. Sigurlaug Sæmundsdóttir arkitekt afhenti ýmis gögn Elinar Briem skólastjóra Kvennaskólans á Ytri-Ey og Blöndösi, er varða upphaf kvennaskólalánanna Norðanlands. – 1. september. Komu úr þjóðdeild skjöl sem varða handritamálið frá um 1946–48, sem verið höfðu í eigu Ólafs Lárússonar prófessors. – 2. september. Séra Þórir Stephensen afhenti í annað sinn hluta af ræðusafni séra Ólafs Stephensen (1863–1934). Sjá einnig 28. mars 2000. – 4. september. Þorvarður Örnólfsson framkvæmdastjóri afhenti ferðadagbók Magnúsar Stephensen frá haustinu 1807 í uppskrift Magnúsar H.J. Magnússonar (Magnúsar Hjaltasonar). Einnig afhenti hann útfararræðu Elinar V. Örnólfsdóttur og fleira. Þessi gögn eru úr fórum foreldra hans, Örnólfs Valdimarssonar, kaupmanns á Suðureyri í Súgandafirði, og konu hans, Ragnhildar Þorvarðardóttur. – 9. september. Soffía Magnúsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, afhenti handrit að endurminningum föður síns, Magnúsar Friðrikssonar frá Staðarfelli, sem og greinargerð um Verslunarfélag Dalamanna eftir hann. Einnig afhenti hún kandidatsritgerð bróður síns, Gests Magnússonar, kennara í Reykjavík. – 12. september. Kristbjörg Kjeld afhenti ásamt syni sínum, við hátíðlega athöfn, eiginhandarrit Guðmundar Steinssonar að verkum hans, leikritum og öðrum verkum í tilefni að útkomu heildarverka hans á prenti. Kristbjörg var eiginkona Guðmundar sem hét réttu nafni Guðmundur J. Gíslason. – 10. september. Ólafur Indriðason flugstjóri hefur lagt hér inn almanaksminnisbækur Matthíasar Jochumssonar frá árunum 1878 og ’79, en hann fékk þær frá föður sínum, Indriða Helgasyni rafvirkja á Akureyri. – 18. september. Barnabörn Einaris E. Sæmundsen skógarvarðar afhentu margvisleg handritagögn, sem hann lét eftir sig, þar á meðal stórt bréfasafn. – 18. september. Guðný Halldórsdóttir kvikmyndagerðarmaður afhenti það sem ókomið var eða með öðrum orðum allflestar minnis- eða nótubækur föður síns, Halldórs Laxness, 45 að tölu (áður voru komnar 13

Guðjón Skarphéðinsson afhenti kandidatsritgerð sína í guðfræði við Hafnarháskóla frá 1994, Reformationen í Island, dens optakt, forlög og konsolidering. – 22. september. Einar Þorláksson máleri afhenti nótubók, sem rituð hefur verið 1885–86 af Ólafi Finnssyni, afabróður hans. – 23. september. Guðrún Sveinbjarnardóttir viðskiptafræðingur afhenti safninu minningargrein, sem Ingunn J. Ingvarsdóttir hefur ritað um ömmu sína Oddnýju Jónsdóttur í Múlaseli á Myrum og síðar í Reykjavík, en eru hér með hönd séra Ingvars J. Sigurðssonar. Munu þau ekki hafa birst. – 26. september. Helga Kjaran afhenti “Fundabók starfsmanna Liverpool” 1926–27, þegar Magnús Kjaran, afi hennar rak verslunina. – 29. september. Berglind Gunnarsdóttir bókavörður afhenti “Passiusálm 66”, gamankvæði undir passiusálmahætti eftir Þóri Jónsson á Ólafsfirði. Tölvuútprent. – 30. september. Arnór Hannibalsson prófessor afhenti bréfasafn Sigríðar Valdimarsdóttur talsimaku í Reykjavík, föðursystur sinnar. Þetta eru mest bréf frá tveimur frænkum, sem bjuggu í Danmörku, en ættingjar höfðu áður fjarlægt flest önnur bréf gegn hans vilja. – 14. október. Björn Th. Björnsson listfræðingur og rithöfundur afhenti um hendur Guðrúnar Eggertsdóttur bókavörðar viðbót við áður komin gögn sín er varða rithöfundarferil hans. – 20. október. Ásgerður Búadóttir listakona afhenti um hendur Guðrúnar Eggertsdóttur bókavörðar böggul sem í er bréf og önnur gögn vegna erlendra og alþjóðlegra listsýninga. – 4. nóvember. afhenti Þór Þorsteins eitt bréf til Kára Tryggvasonar, Viðikeri í Bárðardal S-Þing, í frimerktu umslagi frá Halldóri Laxness, dagsett: 2. júlí 1942. – 13. nóvember. Haukur Jóhannesson, forseti Ferðafélags Íslands, afhenti gestabækur Ferðafélags Íslands, 17 að tölu, til viðbótar þeim sem hann hafði áður afhent 21. febrúar. – 20. nóvember. Ólöf Benediktisdóttir bókavörður Árnastofnunar afhenti 7 bréf frá Halldóri Laxness til Einaris Ólafs Sveinssonar úr gögnum Einaris Ólafs sem eru í Árnastofnun. – 16. desember. Skólauppskrift úr Ólafsdalsskóla úr gögnum Náttúrfræðeildar: Um Föðurjurtir eftir skólastjóra Torfa Bjarnason í Ólafsdal, skrifaðar 1902. Á titilsíðu eru nöfnin Stefán Þórarinnsson og Sigurður Þórarinnsson Hofi. – 17. desember. Dagbók Ferð til Sovétlýðveldanna 1988, 4 ferð. Kom í pósti frá Antikhúsinu.

Sýningar

Ýmislegt efni hefur verið notað til sýninga úr handritadeild, bæði hvað varðar sérsýningar og sýningar með þjóðdeild. Eftir að ráðinn var sérstakur sýningarstjóri hefur öll yfirumsjón verið í höndum viðkomandi aðila, sem sótt hefur efni og ráðgjöf eða annað til deildarinnar eftir því sem þess gerðist þörf.

Skráningardeild

Meginhlutverk deildarinnar var að annast efnisgreiningu (efnisflokkun/efnislyklun) og bókfræðilega skráningu gagna skv. þar til gerðum alþjóðlegum og íslenskum stöðlum og gera þessar upplýsingar aðgengilegar notendum í gagnaskrá safnsins.

Veigamikill þáttur í starfsemi deildarinnar var efnisgreining og skráning allrar íslenskrar útgáfu fyrir og síðar, þ.m.t. skráning greina í íslenskum tímaritum og greiniskráning safnrita. *Íslensk bókaskrá* kom út í síðasta sinn í prentuðu formi á árinu og nær hún yfir árið 2001. Í henni er m.a. birt sundurliðað tölulegt yfirlit um íslenska útgáfu fyrir árið 2001, sérstök skrá um ný íslensk tímarit, önnur um kort og auk þess birt skrá um íslensk myndbönd. *Íslensk hljóðritaskrá* fyrir árið 2001 var gefin út samtímis sem fylgihefti með bókaskránni.

Bókasafnskerfið Gegnir verður framvegis aðalheimild um íslenska útgáfu og hægt verður að draga upplýsingar þaðan.

Skráningardeild var lögð niður 1. október við skipulagsbreytingar í safninu. Meðan deildin starfaði hélt bókfræðiráð skráningardeildar reglulega samráðsfundi með þeim sem störfuðu að efnisgreiningu

heimilda og bókfræðilegum viðfangsefnum í aðildarsöfnum gamla Gagnis. Margvísleg ráðgjöf og fyrirgreiðsla var veitt söfnum og einstaklingum viðs vegar um landið. Tölvupóstlistinn vanda@bok.hi.is auðveldaði dagleg samskipti aðildarsafna gamla Gagnis um bókfræðileg atriði og skylda þætti en netfangið gegnir@bok.hi.is var fyrir ábendingar frá öðrum aðilum.

Nýtt bókasafnskerfi

Undirbúningsvinna vegna innleiðingar nýs bókasafnskerfis reyndist mjög tímafrek og fór mikill tími starfsfólks deildarinnar í hana. Bókasafnskerfið (Libertas), sem gengið hefur undir nafninu Gagnir, var lagt niður en nýtt kerfi (Aleph), sem ber einnig nafnið Gagnir, var tekið í notkun 19. maí 2003. Bókfræðiskrár safnsins og annarra aðildarsafna gamla Gagnis voru fluttar í nýja kerfið. Nýi Gagnir sameinar Gagni, Greini (tímaritsgreinar) og Gelmi (handrit) í einu kerfi og netaðgangur að efninu er mun þægilegri en verið hefur, m.a. vefaðgangur í stað telnet-aðgangs áður. Gamli Gagnir og undirkerfi hans voru rekin af Landsbókasafni en eftir yfirfærsluna færðist kerfisreksturinn úr umsjá Landsbókasafnsins yfir á Landskerfi bókasafna. Forstöðumaður kerfisþjónustu Landskerfis bókasafna starfaði með sérfræðingateymi aðildarsafna gamla Gagnis að yfirfærslu gagna og innleiðingu nýja Gagnis í samstarfi við þjónustuaðila Ex Libris, seljanda kerfisins. Starfsmenn skráningardeildar lögðu einnig fram umtalsverða vinnu við undirbúning innleiðingar Fengsafna í nýja Gagni og við aðlögun og samruna gagna úr þessu tveimur bókasafnskerfum. Starfsmenn tóku og þátt í margvíslegum samvinnuverkefnum á vegum Landskerfis bókasafna vegna sameiginlegs bókasafnskerfis safna í landinu.

Skráningarráð

Skráningarráð nýja Gagnis var stofnað á árinu og starfar á vegum Landskerfis bókasafna. Ráðið er skipað fimm sérfræðingum frá mismunandi safnategundum samkvæmt tillögu frá stjórn notendafélags kerfisins (Alefli). Þar situr fulltrúi Landsbókasafns. Með ráðinu starfa ritstjóri Gagnis og ritstjóri efnisorða, sem eru starfsmenn Landsbókasafns. Ritstjóri Gagnis hefur einnig umsjón með kennslu í skráningarþætti nýja Gagnis. Skráningarráðið setur reglur um bókfræðilega skráningu með það að markmiði að auka gæði bókfræðilegra gagna í kerfinu. Skráningarráð hefur umboð til að veita skráningarréttindi og afturkalla þau. Umræðupóstlisti skráningarráðs, vanda@lb.is er vettvangur fyrir skoðanaskipti skrásetjara og miðlun upplýsinga, en netfangið gegnir@lb.is er ætlað fyrir ábendingar um leiðréttingar í Gagni. Skrásetjarar Landsbókasafns vinna úr ábendingum.

Flokkun

Safnkosturinn er flokkaður samkvæmt 22. útgáfu Dewey Decimal Classification (DDC). Vefútgáfan af kerfinu, *WebDewey* frá OCLC Cooperative Online Resource Catalog (CORC), hefur verið notuð síðan 2001. Hún hefur einnig reynst gagnleg við efnisorðasmið og efnisorðagjöf. MARC 21 skráningarsniðið var tekið í notkun á árinu samhliða nýju bókasafnskerfi. Við flutning bókfræðigagna milli kerfa voru gögnin færð úr UK MARC yfir í MARC 21. Þýðingu á *Nýju marksniði Gagnis (MARC 21)* var lokið og biður útgáfu. Við skráningu er farið eftir alþjóðlegum skráningarreglum, AACR2, og eftir styttri gerð þeirra hefur verið gerð íslensk þýðing. Við bókfræðilega lýsingu er farið eftir alþjóðlegum staðli, ISBD(M), sem einnig hefur verið þýddur á íslensku, m.a. um upptekt og röð atíða.

Efnisorðaskrá

Áfram var unnið við efnisorðaskrá Gagnis fyrir styrk sem fékkst á árinu 2001 og sagt er frá í skýrslu fyrir það ár. Skráin er byggð upp samkvæmt reglum, sem settar eru fram í íslenskum staðli um efnisorðaskráningu, ÍST 90. Einnig var unnið að endurskoðun á efnisorðum í Gagni í samstarfi við þá sem önnuðust efnisgreiningu og flokkun.

Flutningur á bókfræðigögnum

Flutningur á bókfræðigögnum milli bókasafnskerfa og aðlögun að breyttu vinnuumhverfi við innleiðingu nýja Gagnis setti mark á starfseminna. Vinna við samtímaskráningu nýrra aðfanga íslensks og erlends efnis hafði forgang og eru lokaverkefni stúdenta við Háskóla Íslands meðtalin. Greiniskráning tímarita var með svipuðu sniði og undanfarin ár og áfram nokkuð unnið að greiniskráningu efnis í íslenskum safnritum.

Útgefið efni

Íslensk bókaskrá 2001, Íslensk hljóðritaskrá 2001

fylgir / ritstj. Hildur G. Eyþórsdóttir

Skrár unnar í Gagni, byggja á samtímaskráningu nýrra íslenskra rita.

Index translationum / umsjón með íslensku framlagi Guðrún Karlsdóttir

Skrá Unesco um þýðingar – skrá um þýðingar erlendra verka á íslensku. <http://www.unesco.org/culture/xtrans/>

Bibliography of criminology / umsjón með íslensku framlagi: Auður Gestsdóttir

Samnorrænn gagnagrunnur á sviði afbrotufræði, refsiréttar og skyldra greina á vegum Norræna sakfræðiráðsins. <http://bibliography.nsfk.org/>

Nefndir og ráð

Nefnd um málefni almenningsbókasafna / Menntamálaráðuneyti

Auður Gestsdóttir fulltrúi Landsbókasafns, Fanney Sigurgeirsdóttir varafulltrúi)

Bókfræðiráð Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns / Skráningardeild. Nefnd lögð niður í kjölfar skipulagsbreytinga 1. október.

Bókfræðisamráð aðildarsafna Gegnis / Skráningardeild. Nefnd lögð niður í kjölfar skipulagsbreytinga 1. október.

Ritstjórn vefsíðu / Landsbókasafn

Guðrún Karlsdóttir af hálfu skráningardeildar til 1. október.

Skráningarráð Gegnis / Landskerfi bókasafna.

Auður Gestsdóttir af hálfu Landsbókasafns. Með ráðinu starfa ritstjóri Gegnis, Hildur Gunnlaugsdóttir og ritstjóri efnisorða, Ragna Steinarsdóttir. Fanney Sigurgeirsdóttir starfaði með ráðinu sem varamaður ritstjóra Gegnis.



Útlánadeild

Hlutverk

Markmið útlánadeildar er að sjá um lánastarfsemi bókasafnsins og gæta þess að fylgt sé settum reglum í því efni. Deildin starfrækir m.a. námsbókasafn og sér um almenna upplýsingaþjónustu á 3. og 4. hæð, varðveitir safn lokaritgerða nemenda við Háskóla Íslands og hefur umsjón með lesrýmum, bókarýmum og úthlutun lesherbergja. Millisafnalán voru á vegum deildarinnar til 30.9. og jafnframt umsjón með útibúum utan aðalsafns til sama tíma. Þessi verkefni fluttust til upplýsingadeildar 1.10.

Ný verkefni útlánadeildar frá 1.10. eru umsjón með erlendum aðföngum og erlendri skráningu.

Afgreiðslutími

Árið 2003 var safnið opið tæpa 80 tíma á viku í rúma níu mánuði. Vetrartími var í gildi til 20. maí og frá 13. ágúst. Safnið var opið 44 tíma á viku yfir sumartímann.

Starfsmenn

Í lok ársins voru í útlánadeild 23 starfsmenn í um 17 stöðugildum.

Notendapjónusta/afgreiðsla

Hin almenna notendapjónusta safnsins er bæði í höndum útlánadeildar og upplýsingadeildar sem hafa samvinnu um hana og skipta með sér verkum. Upplýsingadeild hefur séð um sérhæfða upplýsingaþjónustu: heimilda- og tölvuleitir, notendafræðslu, bæklingagerð o.fl. Útlánadeild hefur séð um almenna upplýsingaþjónustu og ýmsa aðra þætti sbr. hlutverkslýsingu hér að ofan. Vaktstöðvar útlánadeildar í safninu eru fjórar.

Á 2. hæð er almenn afgreiðsla. Hér eru bókasafnsskírteini afgreidd, bækur lánaðar út og þeim veitt viðtaka að lánstíma liðnum.


Á 3. hæð eru lokaritgerðir nemenda við Háskóla Íslands varðveittar og lánaðar til lesturs í safninu. Hér er einnig afgreiðsla og upplýsingaþjónusta um blaða- og tímaritakost safnsins og leiðbeint við notkun lesvéla og lesprentvéla. Á þessari hæð hafa jafnframt verið varðveitt gömul próf við Háskólann. Þau eru nú að mestu í prófasafni á vef Háskólans www.hi.is en gömul próf eru áfram geymd á 3. hæð þó hvorki sé um eftirlit að ræða né viðhald á þeim.

Á 4. hæð er námsbókasafn á opnu rými. Hér eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins og rit lánuð út. Starfsfólk útlánadeildar á 4. hæð sér um útlán og aðra þjónustu við notendur vegna tón- og mynddeildar.


Í kjallara er starfsmaður deildarinnar á vakt 16 tíma á viku á móti fólki úr þjóðdeild safnsins við að afgreiða rit sem safngestir biðja um úr geymslum, og við innröðun og önnur störf.

Talningar


Talning að degi til 1. viku hvers mánaðar 2003 - meðalfjöldi gesta




Kvöldtalningar 2003 - meðaltal hvers mánaðar



Talning á laugardögum 2003 - meðaltal hvers mánaðar



Talning á sunnudögum 2003 - meðaltal hvers mánaðar



Notendakannanir

Í mars var í samvinnu við upplýsingadeild framkvæmd *Könnun á notendajönustu í Þjóðarborghlöðu*. Elín Sigurðardóttir, höfundur kannaninnar og nemi í félagsfræði, vann úr niðurstöðum hennar um sumarið. Nánari úrvinnsla hefur ekki farið fram ennþá.

Nýtt bókasafnskerfi

19. maí var formlega tekið í notkun nýtt bókasafnskerfi. Útlánaþáttur nýja Gagnis er gjörólíkur útlánaþætti gamla Gagnis og því hefur aðlögun að kerfinu verið áberandi í starfsemi deildarinnar á árinu. Gagnir byggir á bókasafnskerfinu Aleph 500 frá hugbúnaðarfyrtækinu Ex Libris.

Sú útgáfa af Aleph 500 sem tekin var í notkun hérlendis er 14.2.5. Útlánaþáttur þess kerfis er veikasti hlekkur þess. Í upphafi árs 2004 er enn unnið að því að koma sektaútreikningi í lag og póstur til lánþega er ekki kominn í endanlegt horf. Vandræði með kerfið og aðlögun að því valda því að fleiri lánþegar eru í vanskilum við safnið en síðustu ár.





Útlán

Útlán úr safninu náðu hámarki árið 1996. Þeim fækkaði síðan allt til ársins 2000 en þá varð litilsháttar aukning. Frá aldamótum hefur verið stöðug aukning á útlánnum og árið 2003 voru tölvuskráð útlán **80.572**. Þar af voru útlán í námsbókasafni **2.765** og í tón- og mynddeild **3.891**. Flutningur í nýja kerfið og áhrif af tilraunum og námskeiðum í tengslum við það kunna skekkja lítið eitt útlánatölur ársins. Í útibúum safnsins voru útlán þar að auki **2.692**. (Jarðfræðahús **573** Lögbergi **1.226**, Liffæðistofnun **186** og VR II **707**) en þau lán eru skráð handvirkt. **Útlán alls voru því 83.264**. Á haustmísseri var tekin upp sú regla í Lögbergi að lána ekki út rit til annarra en kennara lagadeildar og nemenda á 4. og 5. ári sem vinna við lokaritgerðir. Einnig verður lánað til þeirra sem vinna að B.A. verkefni þegar þar að kemur.

Nemendur Háskóla Íslands tóku eins og fyrri ár flest rit í lán eða um 57.6%, starfsmenn HÍ um 16.5% og aðrir lánþegar, þ. á. m. nemar í öðrum skólum um

26%. Lánþegar voru alls 9.400 í lok desember. Það er gríðarleg fjölgun lánþega sem voru 5.303 í lok árs 2002. Dreifingin milli lánþegaflokka er aftur á móti mjög svipuð og á árinu 2002. Hver skýringin er á þessum aukna fjölda lánþega án þess að það hafi í för með sér hlutfallslega jafn mikla fjölgun útlána tengist líklega yfirfærslu í nýtt kerfi. Öll útrunnin skirteini urðu t.d. gild við það eitt að færast yfir í nýja kerfið. Reynt var að hreinsa til í gamla kerfinu fyrir yfirfærsluna með því að eyða út öllum lánþegum með útrunnin skirteini. Þó var ekki hægt að eyða út lánþegum sem voru í vanskilum. Þegar tölur um útlán eru skoðaðar ber að hafa í huga, að mikið af bókum og tímaritum er notað á staðnum, án þess að um skráð lán sé að ræða. Árgjald vegna bóka-safnsskirteinis var óbreytt eða 1.000 kr. Kennarar, sérfræðingar og nemar við Háskóla Íslands eru undanþegnir árgjaldi. Landsbókasafn og bókasafn Kennaraháskóla Íslands sömdu sín á milli um gagnkvæm útlán án endurgjalds til allra starfsmanna skólanna í upphafi árs 2001. Sá samningur var endurnýjaður fyrir árið 2003.

Bæklingur deildarinnar með hagnýtum upplýsingum um útlán og reglum safnsins þar að lútandi var endurskoðaður að venju. Sérhver nýr lánþegi fær bæklinginn afhentan með skirteininu.



Útgáfa

Nokkur útgáfa á bæklingum á sér stað innan deildarinnar og eru þeir helst ætlaðir lánþegum safnsins. Hér fyrir neðan er listi yfir nýja bæklinga frá útlánadeild fyrir árið 2003.

Circulation. Maí 2003.

Lesherbergi. Apríl 2003.

Geymsluskápar. Ágúst 2003.

Útlán. Október 2003.

Útlán (Reglur og upplýsingar fyrir stúdenta við Háskóla Íslands). September 2003.

Tvisvar voru hönnuð ný bókamerki með þar til gerðri eyðu fyrir skiladag. Fyrri útgáfan var með fimm mismunandi gerðir á íslensku og auk þess eina gerð á ensku. Um var að ræða myndir úr *Þiðreks sögu af Bern* í handriti Landsbókasafns Lbs 4653 4to. Í tengslum við sýningu safnsins á myndskreytingum barnabóka voru valdar fimm myndir úr þekktum barnabókum, *Alla Nalla*, *En hvað það var skrytúð*, *Sögunni af Dimmalimm*, *Sögunni af Gutta* og *Visnabókinni*, og þær birtar ásamt tilvitnun úr sama verki.

Ritakostur

Allur ritakostur deildarinnar er skráður í Gegni. Flest rit útlánadeildar eru á opnu rými á 4. hæð safnsins. Ritum sem hefur verið skilað er raðað í hillur samdægurs og um sumarið fóru starfsmenn deildarinnar yfir allan ritakostinn á 4. hæð og lagfærðu röðun en það er verk sem jafnframt er gripið í allan ársins hring. Nokkuð þröngt er orðið í sumum flokkum og var því unnið að grisjun í öllum flokkum.

Hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara hússins. eru þar eldri rit og lítið notuð, bæði íslensk og erlend, rit sem eru fágæt eða illa farin og svo aukaeintök rita sem ekki þykir ástæða til að hafa á opnu rými. Auk þess eru sérstakar geymslur fyrir smáprent, stofnanaprent, barnabækur og þýdda reyfara. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1910, tímarit, handbækur, barnabækur, þýdda reyfara, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

Kjallaravakt var skipulögð í samvinnu við þjóðdeild eins og áður segir. Starfsmenn deildanna tveggja skiptast á að afgreiða bækur, tímarit og önnur gögn sem safngestir biðja um og eru geymd í geymslum safnsins. Afgreitt er úr geymslum til kl. 18 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 16 föstudaga og laugardaga.


Lesrými

Í Þjóðarbókhöllu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð (með eða án tölvu), þar af 20 sæti í hópinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti, sum við lágborð og sum í tón- og mynddeild.

Fjöldi safngesta á lesrýminu er kannaður reglubundið með talningum, bæði á daginn og á kvöldin og einnig um helgar. Er það gert í því skyni að fylgjast með nýtingu lesrýmisins svo að hægt sé að veita sem besta og mesta þjónustu á álagstímum. Lesrýmið er mest notað af nemum Háskóla Íslands og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir.

Í safninu eru 28 lesherbergi sem safngestir geta fengið afnot af til ákveðins tíma. Safnið leigir út 26 lesherbergi til fræðimanna, háskólanema í framhaldsnámi og annarra aðila sem eru að vinna að rannsóknarverkefnum og þurfa að nota rit safnsins í því skyni. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau nánast fullnýtt bæði á veturna og á sumrin. Alls höfðu 85 safngestir afnot af lesherbergi á árinu. Fengu 50 gestir herbergi vegna vinnu við meistaraþrófsritgerð, 10 vegna vinnu við doktorsritgerð, 13 vegna almennrar fræðimennsku eða ritstarfa, 6 vegna vinnu við kandidateitritgerð í lögfræði og 6 vegna annarra verkefna. Herbergin voru leigð út til mismunandi langs tíma en að meðaltali höfðu safngestir afnot af herbergi í rúma þrjú mánuði.

Eitt lesherbergi er ætlað fötluðum og annað sjónskertum til almennrar notkunar. Þessum herbergjum er úthlutað í samvinnu við Námsráðgjöf HÍ, og eru þau samnýtt af fleiri en einum notanda í einu.



Námsbókasafn

Námsbókasafnið er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við Háskólann. Efnið er þá sett í sér hillur merktar viðkomandi námskeiði og lánstíminn takmarkaður. Námsbókasafnið er einungis starfrækt að vetri til. Það er á opnu rými á 4. hæð safnsins.

Gögn námsbókasafnsins voru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða

tveggja vikna láni. Á haustmisseri nýttu 69 kennarar sér að setja efni á námsbókasafn en 44 á vormisseri. Auk þess sem margir kennarar kjósa að taka bækur safnsins til hliðar og hafa þær í hillum námsbókasafns eru ótalin námskeið þar sem aðeins er um að ræða itarefni í möppum frá kennurum en sú notkun námsbókasafns færst stöðugt í aukana. Kennarar í heimspekideild og félagsvísindadeild nota námsbókasafnið áberandi mest, og voru t.a.m. 57 námskeiðanna kennd í heimspekideild og 40 í félagsvísindadeild. Aðrar deildir sem voru með bækur á námsbókasafninu voru guðfræðideild (6), læknadeild (2), lagadeild (2), viðskipta- og hagfræðideild (3) og raunvísindadeild (2).

Útlán úr námsbókasafninu voru 2.765 á árinu (4.323 árið 2002). Það ber að hafa í huga sífellt fleiri kennarar kjósa að hafa efni á námsbókasafni aðeins til notkunar á staðnum.

Millisafnalán

Millisafnalán útvega notendum sem fyrr ljósrit af greinum, annars vegar úr tímaritum safnsins og hins vegar erlendis frá, eða rit að láni séu þau ekki til á safninu. Enn er þó ætlast til að notendur safnsins leiti beint til annarra safna á höfuðborgarsvæðinu eftir ritum að láni þótt greinar séu pantaðar þaðan fyrir notendur.

Hverjum sem er, bæði einstaklingum og stofnunum, er heimilt að nýta sér þessa þjónustu sem veitt er gegn gjaldi. Gjaldskráin hækkaði lítillega 1. janúar 2003. Starfsmenn Háskóla Íslands og nemendur HÍ fengu sem fyrr helmings afslátt af gjaldskrá, utan hraðþjónustugjalds.


Beiðnum um millisafnalán sem bárust safninu á árinu fækkaði um 8,5%. Voru beiðnirnar alls 6647 (7263 árið 2002). Af þeim voru afgreiddar 5951 beiðni eða 89,5% (89% árið 2002).

Á árinu bárust alls 3666 bækur og greinar til safnsins frá erlendum og innlendum söfnum. Af þeim voru 1043 bækur (984 árið 2002) og 2623 greinar (3114 árið 2002) og er þar um nokkra aukningu í bókabeiðnum en fækkun í greinabeiðnum.

Úr safnkosti Landsbókasafns voru afgreiddar 2285 (2347 árið 2002) millisafnaláns- og greinaþjónustubeiðnir. Af þeim voru bókarlán 349 (321 árið 2002) og ljósrit af greinum 1389 (1514 árið 2002), til innlendra safna fóru 631 grein (724 árið 2002) og 311 til annarra erlendra safna en KVIK (354 árið 2002). Til KVIK-safna voru afgreiddar 447 greinar (436 árið 2002). Auk þess voru 547 greinar afgreiddar í greinaþjónustu til fyrirtækja, stofnana, einstaklinga og starfsmanna Háskóla Íslands (512 árið 2002) úr tímaritum safnsins.

Engar upplýsingar liggja fyrir um hvaðan greinar bárust þar sem ekkert tölvukerfi hefur haldið utan

um beiðnir millisafnalána frá því 9. maí 2003 til ársloka. Reikna má fastlega með því að það sé með svipuðu sniði og undanfarin ár þó talsverð aukning hafi verið í beiðnum um efni sem ekki er til á söfnum Norðurlanda, Bretlands og annarra Evrópulanda. Fimm starfsmenn störfuðu í deildinni árið 2003, tveir í fullu starfi og einn í 80%, sá var leystur af í barnsburðarleyfi 1. september og tveir nýir starfsmenn skiptu með sér stöðu hans. Auk þess var deildarstjóri/þjónustustjóri millisafnalána fjarverandi í rannsóknarleyfi frá 20. október til 15. desember án afleysingar og því fann starfsfólk deildarinnar ekki fyrir þessari fækkun beiðna með minnkuðu álagi, heldur þvert á móti, bæði vegna manneklu og kerfisskorts.



Útibú utan Þjóðarbókhöðu

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn starfrækir allmörg útibú sem eru staðsett bæði á háskólalóðinni og utan hennar. Í sumum útibúum var bókasafn tiltekinn tíma dag hvern. Í öðrum útibúum var um að ræða umsjón, sem fólst í reglubundnum eftirlitsferðum einu sinni í tvisvar í viku eða sjaldnar. Sú meginstefna hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum, en stúdentum verði fremur beint til aðalsafns. Árið 2003 voru útlán frá bókasöfnum Jarðfræðahúss, lagadeildar í Lögbergi, verkfræði- og raunvísindadeildar í VRÍI og lesstofu í líffræði að Grensásvegi 12.

Söfn líffræðiskorar á Grensásvegi 12 og jarð- og landfræðiskorar í Jarðfræðahúsi HÍ sameinuðust í árslok í eitt útibú sem staðsett er í nýja náttúrufræðahúsinu, Öskju. Þetta nýja útibú rúmar mun minna efni en gömlu útibúin gerðu. Skorirnar ákváðu að láta tímarit hafa forgang á safninu sem þýddi að bókasöfn safnanna tveggja var að stórum hluta pakkað niður og hann fluttur í Þjóðarbókhöðu. Nýja safnið var ekki tilbúið í árslok.

Á árinu gerði Háskóli Íslands samning við

Landspítala- háskólasjúkrahús um þjónustu við heilbrigðisdeildir. Bókasafn Landspítala tók þá yfir þjónustu við bókasafn sjúkrahjálfunarskorar í Skógarhlíð.

Umsjónarmenn útibúa árið 2003 voru Auður Gestsdóttir (Lögberg), Þorbjörg Sigurðardóttir (VRÍI) til 30. ágúst, Alexandra Þórlindsdóttir (VRÍI) frá 1. september, Sólveig Jónsdóttir (lektoröt í Norræna húsi) og Guðmundur Ingi Guðmundsson sem hafði umsjón með öðrum útibúum. Hefur hann haft fasta viðvist í bókasafni lagadeildar í Lögbergi, Lesstofu í líffræði og bókasafninu í Jarðfræðahúsi H. Í. en auk þess hefur hann haft eftirlit með útibúum safnsins í RH, VRÍI, Árnagarði, Nýja Garði, Aðalbyggingu HÍ, að Sóltúni 1, að Skógarhlíð 10 og í Haga.

Árnagarður. Lokuð bókastofa heimspekideildar ætluð kennurum og nemendum í MA eða doktorsnámi í íslenskum fræðum. Umsjón: Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var einu sinni í mánuði.

Enskukennsla í Nýja Garði. Bókastofan er handbókasafn kennara og nemenda í enskuskor. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Guðfræðideildarstofa í aðalbyggingu háskólans. Stofan er handbókasafn kennara og nemenda í guðfræði. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Hjúkrunarfræðideild. Bókasafn námsbrautar í hjúkrunarfræði var sameinað Bókasafni Landspítalans árið 1993 og hefur verið starfrækt þar síðan. Ritin eru þó áfram eign safnsins og laun tveggja bókasafna voru greidd af safninu. Bókasafn Landspítalans veitir læknaeild og hjúkrunarfræðideild bókasafnsþjónustu.

Jarðfræðahús Bókasafn í jarðfræði og landafræði. Opíð kl. 9-17. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson og var viðvist hans daglega kl. 14-16. Hafinn var undirbúningur að flutningi í nýtt útibú í Náttúrufræðahúsi.

Lektoröt (danska, finnska, norska og sænska) Bókasöfn sem tengjast kennslu í norrænum tungumálum eru til húsa á skrifstofum viðkomandi lektors í Norræna húsinu. Útlán eru eingöngu með leyfi lektors. Umsjón hafði Sólveig Jónsdóttir. Eftirlit var einu sinni í mánuði.

Lesstofa í líffræði, Grensásvegi 12. Stofan var opin kl. 08:00-17:00. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson, og var viðvistartími hans kl. 10-12 á þriðjudögum og fimmtudögum. Hafinn var undirbúningur að flutningi í nýtt útibú í Náttúrufræðahúsi.

Lyfjafræðideild í Haga. Bókasafn lyfjafræðideildar er handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Lögberg bókasafn lagadeildar í Lögbergi. Opið var á vor- og haustmisseri kl. 10-18 en lokað yfir sumarmánuðina. Auður Gestsdóttir annaðist rekstur safndeildarinnar og var viðvistartími hennar kl. 10-13 þriðjudaga og fimmtudaga og kl. 10-12:30 á föstudögum. Guðmundur Ingi Guðmundsson hafði viðvist í safninu kl. 10-12:30 á mánudögum og miðvikudögum. Jamilla Johnson, nemi í bókasafnsfræði, var ráðin í stað laganema áður til að annast gæslu safnsins að hluta til.

Námsbraut í sjúkrapjálfun, Skógarhlið 10. Safnið er handbókasafn kennara og nemenda í sjúkrapjálfun. Það er opið á skrifstofutíma. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var tvisvar í mánuði.

Nýi Garður. Bókastofa Hugvísindastofnunar á 3. hæð Nýja Garðs var opnuð 1. nóvember. Bókastofan er lokað handbókasafn kennara í heimspekideild. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði, Sóltúni 1. Safnið er lokað handbókasafn starfsmanna rannsóknarstofunnar. Umsjón hafði Guðmundur Ingi Guðmundsson. Eftirlit var eftir þörfum.

Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3. Safnið er handbókasafn starfsmanna stofnunarinnar. Umsjón hafði Sólveig Jónsdóttir í janúar og Guðmundur Ingi Guðmundsson frá 1. febrúar. Eftirlit tvisvar í viku. Raunvísindastofnun greiddi safninu fyrir vinnu bókavardar sem nam u.þ.b. einum fjórða úr ársverki.

Rannsóknarstofa í lyfjafræði, Ármúla 30. Safnið er handbókasafn starfsmanna rannsóknarstofunnar. Starfsmaður rannsóknarstofunnar, Jóhanna Edvald, hafði umsjón með safndeildinni.

Verkfræði- og raunvísindadeild Bókasafnið í VRÍI við Hjarðarhaga var opið kl. 07:00-21:00 og kl. 07:00-18:00 um helgar. Umsjón hafði Þorbjörg Sigurðardóttir og var viðvistartími hennar daglega kl. 12-16. Í VRÍII er handbóka- og tímaritasafn kennara í raunvísindum. Umsjón með því hafði Sólveig Jónsdóttir í janúar en Guðmundur Ingi Guðmundsson frá 1. febrúar. Eftirlit var 1-2 sinnum í viku.

Upplýsingadeild

Hlutverk

Upplýsingadeild rekur upplýsingaþjónustu á 2. hæð, hefur umsjón með handbókasafni og sér til þess að notendur hafi sem bestan aðgang að prentuðum og rafrænum upplýsingum. Hún annast notendafræðslu við háskólasamfélagið og aðra safngesti, ritstýrir vefsíðum safnsins og sér um rekstur tón- og myndsafns á 4. hæð.

Upplýsingaþjónusta

Afgreiðsla upplýsingaþjónustunnar var opin mánudaga til föstudaga kl. 8:15–17:00, þ.e. 43 stundir á viku af þeim 80 stundum sem safnið var opið. Einn starfsmaður sinnir almenntri þjónustu og afgreiðslu fyrirspurna fyrri hluta dags en tveir eftir hádegi eins og áður.

Dagleg umsvif eru metin fyrstu viku hvers mánaðar og voru fyrirspurnir á staðnum og í síma að meðaltali 45-50 (45-50) á dag yfir vetrarmánuðina. Deildin tekur ennfremur á móti almennum fyrirspurnum sem safninu berast með tölvupósti. Af þeim 1100 fyrirspurnum sem þannig bárust var rúmlega helmingi svarað af upplýsingadeild en aðrar voru sendar áfram til þeirra sem málið varðaði. Tímafrekar fyrirspurnir sem deildin leysti úr voru samtals 580 (440) og bárust þær eftir ýmsum leiðum, með tölvupósti, símleiðis eða voru bornar upp á staðnum. Með auknum aðgangi notenda að rafrænum gögnum og upplýsingum á Netinu fækkaði almennum fyrirspurnum og tölvuleitum um skeið. Aftur á móti jókst leiðsögn um notkun þessara gagna bæði í síma og í formi einstaklingsbundinnar kennslu.

Á árinu var vakin sérstök athygli á heimildaleitum gegn greiðslu á póstlista háskólans, hi-starf, og í *Fréttabréfi Háskóla Íslands*. Einnig var eyðublað fyrir beiðnir um heimildaleit svo og upplýsingasiður um þessa þjónustu settar upp á vef safnsins. Lögmannafélagi Íslands var sérstaklega kynnt þessi þjónusta.

Handbókarými

Prentuð tilvísanarit á handbókarými voru grisjuð á sumarmánuðum og í framhaldi af því þurfti að endurraða svo til öllum handbókakostinum. Helstu breytingar aðrar á svæðinu voru varðandi aðgang gesta að tölvum. Þar eru nú samtals 9 tölvur en voru 12 áður. Fjórar þeirra veita aðgang að Gegni og eru þær tengdar prentara, tvær tölvur eru fyrir almenna Netnotkun, ein tölva er ætluð fyrir einstaklingsbundna kennslu og ein er fyrir margmiðlunargögn og geisladiska á netkerfi hússins. Loks er tölva sem eingöngu er ætluð þeim sem þurfa að prenta ritvinnslugögn en hafa ekki notendanafn og prentkvóta hjá Reiknistofnun. Aðrar tölvur en Gegnistölvurnar eru tengdar prentara í útlánborði og greiða notendur fyrir prentun úr þeim.

Aðgangur að rafrænum gögnum

Í maí var tekin áskrift að gagnasafninu SourceOECD, sem veitir aðgang að heildartextum allra útgáfurita OECD og hagtölum ýmissa landa. Þetta er sameiginleg áskrift safnsins, viðskipta- og hagfræðideildar háskólans og nokkurra annarra stofnana í landinu. Í desember keypti verkfræðideild aðgang að IEEEExplore með heildartextum rita IEEE. Bæði þessi gagnasöfn eru aðeins aðgengileg á tölvum þátttökusafnanna og á háskólanetinu. Áskrift að gagnasafninu EngNetBase með heildartextum CRC – handbooks var ekki endurnýjuð. Prufuadgangur var fenginn að gagnasafninu History Compass í október. Aðgangur er nú að bókfræðilegum gagnasöfnum og heildartextum tímarita á svo til öllum fræðasviðum.

Vefur safnsins

Þróun vefjarins hefur einkum falist í því að bæta aðgengi að rafrænum gögnum, s.s. gagnasöfnum, tímaritum og völdu efni af Netinu, og gera leiðbeiningar um upplýsingaöflun. Sérstaklega tímefrekt hefur verið að uppfæra aðgang að rafrænum tímaritum og því var leitað leiða til úrlausnar á því. Nokkur erlend kerfi voru skoðuð og í árslok voru gerðir samningar við *TDnet* til tveggja ára um uppsetningu og viðhald tímaritagáttar. Hún mun leysa af hólmi eldri handgerða lista.

Aðalskrá tímaritagáttar *TDnet* mun veita aðgang að rafrænum tímaritum, bæði þeim sem eru á landsaðgangi og þeim sem eru í séráskrift safnsins. Þar verða enn fremur upplýsingar um prentuð tímarit sem safninu berast reglulega og tenglar við samsvarandi færslur í *Gegni*. Auk aðalskrárinnar verður sérstakur tengill við *Gegni*, þar sem finna má upplýsingar um öll helstu tímarit, eldri sem yngri, íslensk sem erlend, í íslenskum bókasöfnum. Enn fremur verður tengill við *VESTNORD* sem hýsir heildartexta fjölda íslenskra, færeyskra og grænenskra blaða og tímarita frá upphafi til ársins 1920.



Notendafraeðsla

Fræðsla á vefsíðum safnsins er vaxandi þáttur í notendafraeðslunni. Til viðbótar almennum leiðbeiningum um heimildaleit hafa síður um leitartækni verið endurbættar, svo og leiðbeiningar

um notkun einstakra gagnasafna og upplýsingaleit á tilteknum fagsviðum. Leitast er við að benda notendum á heppileg hjálpargögn eftir fræðasviðum og á leiðir frá tilvísunum til heildartexta.

Safnkynningar voru með líku sniði og undanfarin ár, þ.e. frumkynningar fyrir nýnema og framhaldskynningar fyrir þá sem lengra eru komnir. Í frumkynningum er þjónusta og aðstaða í safninu kynnt svo, bóksafnskerfið *Gegnir* og vefur safnsins. Samtals fengu 38 (31) hópar háskólanema slíka kynningu eða alls um 1770 (1540) manns. Í framhaldskynningum er farið í helstu atriði heimildaleitar og einstök gagnasöfn eru kynnt. Haldnar voru 22 (22) framhaldskynningar, þar af voru 8 með æfingatímum í tölvuveri, og sóttu þar um 560 manns. Um 20 (7) fengu formlega einkakennslu á gagnasöfn og 11 kynningar voru fyrir aðra en háskólanema. Bæklingunum *Velkomin í Þjóðarbókhöfðu* og *Velkomin á vef safnsins* var dreift á kynningarfundum nýnema þar sem safnkynningu varð ekki viðkomið.

Bæklingar

Til stuðnings notendafraeðslunni voru á árinu gefnir út 2 (15) nýir bæklingar á vegum upplýsingadeildar, 28 (34) voru endurnýjaðir að talsverðu leyti og nokkrir endurprentaðir án breytinga. Einnig voru gerðar stuttar leiðbeiningar um notkun ljósritunarvéla á 2. hæð og um nýtt viðmót *Gegnir*. Leitarviðmót erlendra gagnasafna er í sífelldri þróun og voru íslenskar leiðbeiningar endurnýjaðar í samræmi við það. Almennum bæklingum um safnið, þjónustu þess og safnkost einstakra námsbrauta er dreift í frumkynningum um safnið og bæklingum um heimildaleit, gagnasöfn og leitartækni er dreift í framhaldskynningum. Bæklingarnir liggja auk þess frammi á öllum hæðum bókhöðunnar og í útibúum eftir því sem við á. Um 30 þeirra eru aðgengilegir á vef safnsins. Á árinu voru gefnir út eftirfarandi nýir titlar:

Heimildaleit – helstu skref.

Hvar eru rit í opinberri stjórnsýslu?

Eftirfarandi bæklingar voru uppfærðir eða endurútgefnir árið 2003:

Hvar eru rit í bókasafns- og upplýsingafræði?

Hvar eru rit í ferðamálafræði?

Hvar eru rit í félagsfræði?

Hvar eru rit í guðfræði?

Hvar eru rit í heimspeki?

Hvar eru rit í íslenskum bókmenntum og málfræði?

Hvar eru rit í landafræði?

Hvar eru rit í lyfjafræði?

Hvar eru rit í lögfærðum?

Hvar eru rit í mannfræði og þjóðfræði?

Hvar eru rit í náms- og starfsráðgjöf?

Hvar eru rit í sagnfræði?

Hvar eru rit í sálarfræði?

Hvar eru rit í spænsku?
 Hvar eru rit í stjórnmálafræði?
 Hvar eru rit í tölvunar- og stærðfræði?
 Hvar eru rit í uppeldis- og menntunarfræði?
 Hvar eru rit í verkfræði?
 Hvar eru rit í viðskiptafræði?
 Velkomin á vef safnsins
 Velkomin í Þjóðarbókhöfðu
 Welcome
 Þjónusta við fjarnema í Háskóla Íslands
 Internet – nokkur vefböng í landafræði.
 Leitartækni í gagnasöfnum.
 Rafræn gagnasöfn – ProQuest

Starfsmenn

Í kjölfar skipulagsbreytinga sem tóku gildi 1. október var ákveðið að Bryndís Ísaksdóttir tæki að sér erlend aðföng safnsins í árslok. Hún minnkaði því smám saman við sig vinnu í upplýsingadeild það sem eftir var ársins. Stefánía Arnórsdóttir tók við verkefnum Bryndísar í upplýsingadeild. Starfsmönnum deildarinnar gafst kostur á að sækja nokkra kynningarfundir og stutt námskeið um rafræn gagnasöfn, s.s. Ebsco, Cambridge Scientific Abstracts, Web of Science, ProQuest og LION, á vegum söluaðila sem hingað komu á vegum landsaðgangsins.

Önnur verkefni

Samstarfshópur um notendakannanir sem hóf störf árið 2002 hélt áfram störfum. Í honum voru Áslaug Agnarsdóttir, Halldóra Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Árnadóttir, Stefánía Arnórsdóttir og Þóra Gylfadóttir. Ingibjörg Árnadóttir starfaði áfram í undirbúningshópi um almenningsaðgang í Gegni og Anna Jensdóttir var í tónlistarhópi um fyrirkomulag tónlistarleitar í kerfinu. Bryndís og Stefánía voru í vinnuhópi um notendafræðslu í háskólabókasöfnum. Hópurinn sá um að undirbúa fjölþjóðlega ráðstefnu, *Creating Knowledge III*, um málefni tengd upplýsingalæsi, sem haldin var á Akureyri 25.-26. september. Stefánía hefur enn fremur verið í samstarfshópum innan safnsins í tengslum við galdra í bókhöfðunni á Menningarnótt Reykjavíkurborgar og um námskeiðahald á vegum safnsins. Bryndís Ísaksdóttir er formaður undirbúningsnefndar um landsfund Upplýsingar sem haldinn verður í september 2004, Ingibjörg Árnadóttir situr í síðanefnd safnsins og Halldóra Þorsteinsdóttir starfaði í fræðslunefnd safnsins og Innkaupanefnd landsaðgangs að rafrænum gögnum.

Tón- og myndsafn

Anna Jensdóttir sérfræðingur tón- og myndsafni var í veikindaleyfi hátt á fjórða mánuð og setti það óneitanlega svip á starfsemi safnsins. Hún er eini starfsmaður safnsins en hefur notið góðrar samvinnu við aðra starfsmenn upplýsinga- og útlánadeilda. Stefánía Arnórsdóttir vann sem fyrr einn morgun í viku við skráningu útgefna íslenskra heimilda um tónlist í alþjóðlega gagnagrunninn RILM (*Répertoire International de Littérature Musicale*) og Einar Örn



Lárusson las yfir enska texta. Helga Sveinbjarnardóttir hefur flokkað smáprent safnsins. Anneli Sepp, tónlistarbókavörður frá Eistlandi og NordInfo styrkþegi dvaldi í safninu í marsmánuði og vann nokkuð við skráningu á erlendum nótum, einkum rússneskum.

Útlán myndbanda drógust saman svo og fyrirspurnir um efniskost safnsins en áhorf á myndbönd og hlustun á hljóðrit voru svipuð. Skráning og frágangur íslenskra hljóðrita gekk óvenju seint á árinu og má rekja það m. a. til tilkomu nýs bókasafnskerfis í maí. Nokkrir aðilar fengu tímabundna vinnuáðstöðu í upptökuherbergi deildarinnar vegna útgáfustarfsemi og ritgerðasmíða.

Texti á ensku um tón- og myndsafn var settur á enska hlutann á vef safnsins. Á íslenska hlutann var settur upp listi með völdum vefböngum um tónlist. Nemendur á 3. ári í tónlistardeild Listaháskóla Íslands fengu kynningu á efniskosti deildarinnar og vefsíðum safnsins um tónlist.

Tón- og myndsafni bærast ýmsar gjafir á árinu, m.a. afhenti Fálkinn h.f. til varðveislu nokkur segulbönd með hljóðupptökum íslenskra listamanna úr eigu fyrirtækisins og Vala Kristjánsson gaf möppu með blaðaúrklippum um söngkonuna Elsu Sigfúss. Ennfremur gaf Oddgeir Eysteinnsson um 60 hljóðrit, 45 snúninga plötur, geisladiska og hljóðsnældur, og Terry G. Lacy gaf 20 erlenda geisladiska.

Þjóðdeild

Hlutverk þjóðdeildar er að varðveita íslenskan ritakost og veita aðgang að honum. Þjóðdeild hefur m.a. umsjón með aðaleintaki og varaеintaki íslenskra rita, sér um lestrarsal deildarinnar og þjónustu við fræðimenn sem þangað leita og annast um séröfn bókasafnsins.

Lánþegar

Fjöldi gesta á lestrarsali handrita- og þjóðdeildar var samtals 8.320, þ.e. fjöldi skráður í gestabók þjóðdeildar. Lánþegar án skírteinis voru 45. Lán á lestrarsal voru alls 11.836, þar af 1.622 utan Gegnis. Fyrirspurnir og heimildaleitir voru 39. Afgreidd ljósrít: 1.327. Ótalið er t.d. notkun á filmum eldri bóka, blaða,

fisja og notkun á handbókum. Talning smælkis er fólgin í fjölda kassa er notendur fara í gegnum sjálfir.

Varaeintakasafn

Áfram var unnið við varaeintakasafnið í Reykholti í einu og hálfu stöðugildi.



Sérsöfn

Í safni Jóns Steffensen héldu þeir áfram að vinna Hjörleifur Hjörtþórsson við bókband og Sigurður Örn Guðbjörnsson við flokkun, skráningu og ýmislegt fleira. Þegar safn Jóns Steffensen var gefið til safnsins var tekið fram í gjafabréfi að í tengslum við það ætti að koma á fót rannsóknaraðstöðu. Undanfarið hefur Örn Bjarnason læknir notfært sér hana. Hann tekur líka þátt í skipulagningu ráðstefnu á vegum safnsins og fleiri aðila sem haldin verður í febrúar 2005 í tilefni af hundrað ára afmæli Jóns.

Í september hófst vinna við að taka stafrænar myndir af Íslandskortum Seðlabankans. Stjórn bankans veitti 350.000 króna styrk til verksins. Fjöldi kortanna er um 220 og verða myndirnar af þeim síðan settar inn á kortavef safnsins.

Bryndís Vilbergsdóttir vann á árinu við að raða söfnum Gunnars Gunnarssonar og Lárusar Sigurbjörnssonar.

Bókminjasafn

Þjóðdeild stóð að nokkrum sýningum á árinu í bókastofu Þjóðmenningarhúss. Íslendingasögur á erlendum málum var sumarsýning ársins og var kynningarspjald gert í tilefni hennar. Í samstarfi við Skólavefinn ehf voru haldnar sýningar undir yfirskriftinni Skáld mánaðarins. Á árinu voru haldnar sýningar um Þórarín Eldjárn, Grím Thomsen, Vilborgu Dagbjartsdóttur, Jón Helgason, Matthías Jóhannessen og Jóhannes úr Kötlum. (Sjá einnig bls. 37).

VESTNORD

Unnið var sem áður að VESTNORD verkefninu, safni blaða og tímarita á Netinu. Í árslok höfðu 270 tímarit verið skráð, 16 frá Færeyjum, 4 frá Grænlandi og 250 frá Íslandi. Þá höfðu í árslok verið myndaðar um 171.400 blaðsíður. (Sjá einnig bls. 26).

Ýmislegt

Jólasýning var opnuð í Þjóðdeild 29. nóvember og stóð fram yfir áramót. Viðfangsefni sýningarinnar var: Barna og unglingsbækur sem sívinsælar jólagjafir, jólaauglýsingar og fleira. Bæklingur var með sýningunni.

Farið var yfir bækur úr eigu Sigurðar Nordals sem borist höfðu að gjöf og tekin inn í kostinn rit sem höfðu glatast í Þjóðdeild eða vantaði í varaeintök. Einnig voru valin rit til bands fyrir bókasal í Þjóðmenningarhúsi.

Þess skal geta að skrá um vantánir rita er haldin, og unnið er að skrá um doktors ritgerðir Íslendinga sem væntanlega verður birt á Netinu á næsta ári.

Kvennasögusafn Íslands

Kvennasögusafn Íslands tók formlega til starfa í Þjóðarbókhöllu 5. desember 1996. Erla Hulda Halldórsdóttir var ráðin forstöðumaður og gegndi því starfi til júní 2001 er Auður Styrkarsdóttir var ráðin forstöðumaður. Í stjórnarnefnd safnsins 2002-2005 sitja Emillía Sigmarsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns, Sigríður Th. Erlendsdóttir, fulltrúi Rannsóknastofu í kvennafræðum, og Stefanía María Pétursdóttir, fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands.

Kvennasögusafn hefur það að markmiði að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Það miðlar þekkingu um kvennasögu og aðstoðar þá sem til þess leita við öflun heimilda vegna rannsókna á sviði kvenna- og kynjafræða. Til safnsins leita einkum nemendur og fræðimenn sem vinna að stórum eða smáum rannsóknarverkefnum. Þá berast safninu fyrirspurnir frá einstaklingum sem fást við greina- og bókaskrif. Í gestabók safnsins rituðu 259 einstaklingar nöfn sín á árinu 2003.

Kvennasögusafn hefur átt gott samstarf við NIKK, Nordisk institutt for kvinne- og kjønnsforskning, en sú stofnun er rekin af Norrænu ráðherranefndinni og hefur aðsetur í Osló. Árið 2002 tók forstöðumaður kvennasögusafns sæti í faglegru undirbúningsnefnd NIKK að ráðstefnu um kvennahreyfingar sem haldin skyldi í Reykjavík í júní 2004. Forstöðumaður tók jafnframt að sér að annast undirbúning ráð-stefnunnar. Rannsóknastofa í kvenna- og kynja-fræðum við Háskóla Íslands vinnur einnig að undirbúningi ásamt nokkrum samtökum kvenna undir stjórn forstöðumanns Kvennasögusafns.

Kvöldvaka Kvennasögusafns var haldin í fyrsta sinni 5. desember 1996 með ljóðalestri, söng og fyrirlestrum fræðimanna á sviði kvenna- og kynjafræða og hefur síðan verið árviss viðburður í starfi safnsins. Alls hafði

21 kona flutt erindi á kvöldvöku sem haldin hafði verið átta sinnum í árslok 2003. Þá hafa skáldkonur lesið eigin ljóð og annarra, auk tónlistar sem flutt hefur verið af konum.

Á þeim árum sem Kvennasögusafn hefur starfað í Þjóðarbókhöfuð hefur það staðið fyrir nokkrum sýningum á gögnum og munum sem tengjast sögu kvenna. Á árinu 2003 var haldið áfram að sýningaröðina 'Fellingar', en hér var um að ræða röð smásýninga sem Kvennasögusafn og Landsbókasafn héldu í samvinnu við 13 myndlistakonur og sýndi hver þeirra verk sín um eins mánaðar skeið. Þá opnaði sýning Freyju Bergsveinsdóttur og Guðrúnar Indriðadóttur 'Í orði og á borði' þann 4. desember á sýningarsvæði Þjóðarbókhöfuð á 2. hæð. Kvennasögusafn stóð einnig að sýningunni 'Áfram stelpur' sem opnaði í sýningarrými Bogarbókasafns við Tryggvagötu 11. október. Sýningin, sem var í samvinnu við Borgarskjalasafn og Feministafélag Íslands, stóð til 5. nóvember.

Kvennasögusafn var útgefandi bæklingisins *Women's History Walking Trail in Central Reykjavik*, en það er ensk útgáfa á bæklingnum *Kvennaslóðir í Kvosinni* sem út kom árið 2002. Höfundur texta var Auður Styrkarsdóttir, forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands og undirbjó hún jafnframt ritið til prentunar. Kvennasögusafni berst árlega töluvert af gögnum og eru gefendur bæði einstaklingar og félagasamtök kvenna. Umfangsmestu gjafirnar á árinu 2003 voru gögn Minningargjafasjóðs Landspítalans og gögn Kvenfélagsins Hringisins í Reykjavík.



Stoðdeildir

Bókbandsstofa

Starfsemi á bókbandsstofu var fram haldið í samræmi við þá endurskipulagningu sem gerð var á árunum 2000-2001. Unnið var að enn frekari hagræðingu verkferla í samvinnu við sviðstjóra, forstöðumenn og fagstjóra.

Á bókbandsstofu starfa varðveislustjóri safnsins, yfirbókbindari, bókbindari og aðstoðarmaður bókbindara. Auk þess hafa tveir starfsmenn sem ráðnir voru með aðstoð frá Atvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins unnið um sex mánaða skeið í hálfu starfi hvor, við stífingu á bókarkiljum og annan frágang rita.

Þá hefur bókbindari verið í fullu starfi við að binda inn ýmis rit úr safni Jóns Steffensen, og er kostnaður við það sem fyrr greiddur af sjóði sem Jón ánafnaði safninu.



Myndastofa

Myndastofa myndar DV, *Fréttablaðið* og *Morgunblaðið* á örfilmu jafnóðum og þau koma út. Haldið var áfram að mynda á örfilmu rit þjóðdeildar samkvæmt forgangsröð við afritun. Lokið er við að mynda öll dagblöð sem hætt eru að koma út og unnið var við að mynda DV fram til 1997. Að venju voru nokkur handrit og bækur úr þjóðdeild mynduð og deildin veitti aðstoð við sýningar á vegum safnsins.

Myndastofa sá áfram um stafræna myndun rita sem birt verða á Vefnum. Í byrjun ágúst var tekin í notkun ný stafræn myndavél af gerðinni Zeutschel OM10000. Hún er mun hraðvirkari en sú eldri (hver mynd tekur um 10 sekúndur) og einnig er unnt að taka hágæðamynd af verki sem er allt að A1 að stærð. Eldri myndavélin verður notuð í myndastofu til að sinna pöntunum og ýmsum sérverkefnum.

Fyrir VESTNORD- og Morgunblaðsverkefnið voru myndaðar um 131.000 blaðsíður og skýrist þessi mikla framleiðsluaukning annars vegar af nýrri myndavél, og hins vegar af því að frá 1. september var unnið við myndatöku til kl. 20:00 mánudag til föstudags.

Á ljósmyndastofu starfar ljósmyndari í fullu starfi og sex starfsmenn í hálfu starfi við stafræna myndatöku. Tveir starfsmenn sem ráðnir voru með aðstoð frá Atvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins unnu hálf tón árið í hálfu starfi hvor, við örfilmumyndatöku.

Viðgerðarstofa

Á viðgerðarstofu var unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum bókum. Ingibjörg Áskelsdóttir forvörður sinnti forvörslustörfum uns Rannver H. Hannesson forvörður og varðveislustjóri hóf aftur störf þann 1. september að loknu ársleyfi.

Gert var við á fjórða tug handrita og gamalla bóka auk þess sem skipt var út gömlum umbúðum fyrir nýjar á fjölda handrita. Meðal annarra verkefna þá var lokið við hreinsun og frágang á teikningum úr safni Jóns Sigurðssonar og safni prentaðra mannamynda. Sem fyrr var varðveislustjóri til ráðuneytis um varðveislu og umbúnað ritakosts auk þess að vinna að hagræðingu verkferla bókbands í samvinnu við sviðsstjóra, forstöðumenn og fagstjóra. Bókbandsverk ársins 2003 voru alls 41.963 einingar. Þar af voru verk við safn Jóns Steffensens alls 10.365 einingar.

Fjölföldun og fjölföldunarstofa

Breytt tækni varðandi prentun tölvuskjala og aukin notkun stafrænna tímarita hefur leitt til þess að þörf stúdenta og annarra gesta safnsins fyrir ljósritun og fjölföldun efnis hefur minnkað og á miðju árinu 2003 var ljóst að fjölföldunarstofa var rekin með talsverðum halla. Vegna þess var ákveðið að leggja starfseminu niður í lok ársins.

Starfsemin var með hefðbundnum hætti og var sem fyrr einn starfsmaður í fullu starfi og var stofan opin safngestum hálfan daginn. Starfsmaðurinn hafði einnig umsjón með ljósritunarvélum starfsmanna og notenda, og öllum les- og lesprentvélum fyrir örfilmur og fisjur sem eru í safninu. Á árinu voru tvær ljósritunarvélar fyrir safngesti endurnýjaðar með stafrænum ljósritunarvélum, önnur á 2. hæð og hin á 3. hæð.

Lesprentvélar fyrir örfilmur voru orðnar mjög slitnar og tíðar bilanir. Því voru á haustdögum keyptar og settar upp tvær nýjar lesprentvélar sem nota stafræna tækni við prentun efnis. Reynslan af þeim er mjög góð.

Tölvubjónusta – Upplýsingakerfi Landsbókasafns

Helstu breytingar á tölvubúnaði safnsins voru þær að skipt var um allar tölvur notenda um sumarið. Tókst það vel en tölvurnar, um 85 talsins, voru teknar á rekstrarleigu hjá EJS. Talsvert var um uppsetningu á ýmsum vélbúnaði og hugbúnaði vegna þróunarverkefna, sérstaklega þó vegna varðveislu íslenskra vefsíðna.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi við umsjón með og endurnýjun á tölvukerfum safnsins, aðstoð við notendur og aðstoð við þróunarverkefni.

Einn starfsmaður vann við gerð vefsíðna og umsjón með innri og ytri vef safnsins. Við uppbyggingu hins

stafræna bóksafns (Sagnanet, kort, VESTNORD og söfnun vefsíðna) unnu þrír starfsmenn, einn í fullu starfi allt árið, annar í hálfu starfi eftir áramótum fram í miðja maí og í fullu starfi eftir það og hinn þriðji í fullu starfi frá miðjum maí.

VESTNORD

Áfram var unnið að hönnun og forritun við VESTNORD verkefnið en vefaðgangur að efninu var opnaður í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi haustið 2002. Myndataka tók mikinn kipp í ágúst þegar ný stafræn myndavélvar tekin í notkun. Í árslok 2003 var búið að mynda mikinn hluta þess efnis sem upphaflega var gert ráð fyrir en nokkuð af efni hefur bæst við. Gert er ráð fyrir að lokið verði við að mynda það á árinu 2004.

Samstarf við Morgunblaðið

Um haustið var gerður samstarfssamningur við Árvakur hf um að Landsbókasafn tæki stafrænar myndir af öllu efni Morgunblaðsins frá upphafi til október 2000 og veitti aðgang að efninu um Netið. Tekur Árvakur myndarlegan þátt í að greiða kostnað við myndatökuna. Um áramót var lokið við að mynda Morgunblaðið frá upphafi 1913 til ársins 1934 eða um 20 árganga.

Áætlað hafði verið að ljóslesa allar myndirnar til að búa til leitarhæfan texta og nota hann til að búa til textaleitarkerfi fyrir þann þátt. Þetta gekk ekki eftir en vonast er til að þetta verði að veruleika árið 2004.

Söfnun vefsíðna

Í samræmi við ný skylduskilalög, sem tóku gildi 1. janúar 2003 og gera safninu skylt að safna öllum útgefnum íslenskum vefsíðum, var hafin söfnun íslenskra vefsíðna. Notaður var Netlib vefsöfnunarhugbúnaður en til að veita aðgang að vefsafninu verður notaður hugbúnaður sem þróaður er í norrænu samvinnuverkefni (NWAII). Safnið tók þátt í að stofna ný samtök um söfnun og varðveislu vefsíðna og lagði fram starfskrafta við þróun verkefna á því sviði (sjá kafla um þróunarverkefni).

Kerfisþjónusta

Hið nýja Gegniskerfi var tekið í notkun 19. maí eftir miklar tafir sem valdið hafa safninu miklum aukaútgjöldum. Við þessi tímamót var gamli Gegnir sem safnið hefur rekið frá árinu 1991 að mestu leyti tekinn úr notkun og öll þjónusta vegna kerfisins lögð niður. Kerfið var þó opið allt árið og oft furðu mikið notað. Fyrir kerfisskiptinu var mjög mikið starf unnið af hálfu starfsmanna safnsins við yfirfærslu gagna í nýja Gegni.

Landskerfi bókasafna sér um alla þjónustu við nýja Gegni og greiðir Landsbókasafn fyrir hana. Lykilnotendur í einstökum deildum annast samskipti við Landskerfið og veita samstarfsmönnum eftir fongum aðstoð við notkun nýja Gegnis.

Rafræn gögn og landsaðgangur

Landsbókasafn kaupir aðgang að fjölmörgum rafrænum gagnasöfnum og tímaritum ýmist með þátttöku í landsaðgangi, samvinnu við önnur söfn og stofnanir eða eitt sér. Þróunin er á þann veg að sífellt meira efni verður eingöngu keypt í rafrænni áskrift og hætt að kaupa prentuð eintök. Sjá nánar kafla um upplýsingadeild og upplýsingar á vef safnsins og vefnum www.hvar.is.

Landsbókasafn hefur gert þjónustusamning við menntamálaráðuneyti um framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Á fjárlögum ársins 2003 var úthlutað 20 milljónum króna til að standa straum af kostnaði við samninginn, þ.e. til að taka þátt í kostnaði við áskriftir og til að greiða laun starfsmanna safnsins sem sjá um samningagerð, umsýslu með samningum við birgja, kynningu, kennslu og innheimtu hjá þeim sem taka þátt í kostnaði við landsaðganginn. Talsverð vinna felst í viðhaldi vefs landsaðgangs (www.hvar.is), sérstaklega viðhaldi lista yfir tímarit sem aðgangur er að. Stórt skref til einföldunar á þessu var stigið í árslok þegar gerðir voru samningar við *TDnet* til tveggja ára um uppsetningu og viðhald tímaritagáttar. Stefna um kostnaðarhlutdeild vegna aðgangs að rafrænum gagnasöfnum var óbreytt og útfærð í samræmi við kostnaðarskiptingarlíkan fyrri ára. Innheimta gekk mun betur en áður og virðist sem bókasöfn og stofnanir geri sér betur grein fyrir þýðingu þess að hafa landsaðganginn. Þó er ljóst að mikið verk er óunnið við að ná fram réttlátari kostnaðarskiptingu og koma þannig fastari fótum undir þetta verkefni.

Einn starfsmaður vann í fullu starfi við umsýslu, kynningu, umsjón með vefnum www.hvar.is og ýmis önnur störf sem tengjast landssamningum. Nokkrir aðrir starfsmenn komu einnig að ýmsum tengdum störfum svo sem við útskrift og innheimtu reikninga og samningagerð.

Þróunarverkefni í upplýsingatækni

VESTNORD (Tímarit og blöð á Netinu)

Verkefnið hófst sumarið 1999 og hlaut þá styrk frá RANNÍS en NORDINFO veitti þrívægis styrk til að vinna að verkefninu, þ.e. árin 2000, 2001 og 2003. Hefur sá styrkur verið lykill að því að hægt var að vinna að verkefninu. Söfnin sem að því standa, sérstaklega Landsbókasafn, hafa einnig lagt fram talsvert fé til þróunar á hugbúnaði og við umsýslu verksins. Sú vinna nýtist að öllu leyti við skyld verkefni svo sem að veita aðgang að *Morgunblaðinu* og verður sú umgjörð sem unnt verður að nota næstu ár til að veita aðgang að fleiri ritum.

Eins og fyrr er getið var haustið 2002 opnaður vefaðgangur að efninu í Færeyjum (www.tidarrit.fo), á Grænlandi (www.aviisitoqqat.gl) og á Íslandi (www.timarit.is). Þar er aðgangur að öllum íslenskum

blöðum og tímaritum útgefnum fyrir 1900 og það er ekki langt í land með að það sama eigi við um færeyskt og grænlandskt efni.

Skráningu efnis þess áfanga sem verkefnið nær til er lokið fyrir íslensk rit og langt komin fyrir grænlandsk rit en nokkuð er í land varðandi færeysk rit. Í lok ársins höfðu verið skráðir u.þ.b. 250 íslenski titlar, samtals um 247.598 blaðsíður, í Færeyjum höfðu verið skráðir 16 titlar af 30, samtals 13.361 blaðsíður og á Grænlandi 4 titlar, samtals 12.041 blaðsíður. Í lok ársins höfðu alls verið myndaðar um 171.400 blaðsíður, þar af um 147.000 frá Íslandi, um 13.200 frá Færeyjum og um 11.200 síðum frá Grænlandi. Hugbúnaðargerð er að mestu lokið en þó er enn eftir að ljúka við gerð textaleitarkerfis sem byggir á ljóskennslum á mynduðum síðum og gerð efnisfirlits yfir öll orð á síðunum. Því verður lokið á árinu 2004. Í Færeyjum og Grænlandi var unnið að skráningu efnis sem þaðan kemur. Á Íslandi unnu auk verkefnisstjóra einn starfsmaður við skráningu í u.þ. b. 3 mánuði, við myndatöku unnu fjórir starfsmenn megnið af árinu í hálfu starfi og seinni hluta ársins bættust við tveir starfsmenn í hálfu starfi (sjá kafla um myndastofu). Einn starfsmaður, þó ekki í fullu starfi, vann við hönnun og forritun.

Vefsöfnun

Ný lög um skylduskil til safna tóku gildi 1. janúar 2003 og gera þau safninu skylt að safna öllum útgefnum íslenskum vefsíðum og vista þær til frambúðar í vefsíðusafni sem aðgangur er að. Til undirbúnings því að framfylgja þessum lögum hafði safnið um nokkurt skeið gert tilraunir með söfnun íslenskra vefsíðna og einnig unnið að samvinnuverkefni Norðurlanda um að gera efnisyfirlit yfir hinar vistuðu vefsíður og gera leitar- og aðgangsforrit sem gera notandanum kleift að vinna með vefsafnið á svipaðan hátt og við hinn raunverulega vef. Verkefnið kallast NWAII og er framhald á verkefninu *Nordic Web Archive* (NWA) og veitti NORDINFO styrk til verksins. Til stóð að ljúka verkinu í lok ársins og gera hugbúnaðinn aðgengilegan öllum sem opinn hugbúnað. Ekki tókst að ljúka verkinu á árinu en gert er ráð fyrir að því ljúki í apríl 2004. Landsbókasafn lagði til starfskraft við hugbúnaðargerðina og verður hugbúnaðurinn notaður til að veita aðgang að hinu íslenska vefsíðusafni.

Til söfnunar á íslenskum útgefnum vefsíðum er notaður Netlib vefsöfnunarhugbúnaður sem þjóðbókasafn Finnlands sér um að viðhalda. Forritið er óstöðugt og reyndist nokkuð óþjálmt. Þó var reynt að safna sem mestu og um áramót hafði safnarinn heimsótt 9.952 vefsetur sem tilheyra íslenska þjóðarléninu .is. Safnað hafði verið um 7,5 milljónum vefskjala og farið um 27,5 milljónir vefslóða (URL). Heildargagnamagnið er um 350 Gb og er það geymt á seguldiskum.

Safnið tók þátt í alþjóðlegri samvinnu um söfnun og varðveislu vefskjala (sjá næsta kafla) og það leiddi m. a. til þess að unnið er að því að gera nýtt söfnunarforrit sem vonast er til að tekið verði í notkun vorið 2004 og að það muni skila mun betri árangri.

Safnið fékk sérstaka fjárveitingu á fjárlögum 2003 til að standa straum af kostnaði vegna skylduskila á rafrænum gögnum, þ.e. til kaupa á tölvubúnaði og til að greiða laun þeirra starfsmanna sem munu sjá um framkvæmdina. Tveir tölvunarfræðingar og einn bókasafnsfræðingur unnu að verkinu í fullu starfi en einnig komu ýmsir aðrir að því.

Alþjóðleg verkefni

Nordic Journals

Í september 2002 fengu 8 söfn á Norðurlöndum (Færeyjar og Grænland meðtalin) 2,4 milljóna króna (USD 28.000) styrk frá Andrew W. Mellon sjóðnum til að hanna sameiginlegan norrænan aðgang að þeim gagnasöfnum blaða og tímarita sem búin hafa verið til í VESTNORD og TIDEN verkefnunum. Landsbókasafn var umsjónaraðili styrksins og veitti verkefninu forystu. Gert var ráð fyrir að nota aðferðir sem skilgreindar eru í Open Archive Initiative (OAI <http://www.openarchives.org>) staðlinum til að safna skráningarupplýsingum um hvert gagnasafn á einn stað, búa þar til efnisyfirlit yfir efnið og gera vefviðmót þar sem notandinn getur leitað í efninu. Gerð var ítarleg verklýsing, verkáætlun og fjárhagsáætlun og sótt um styrk til verksins hjá Andrew W. Mellon sjóðnum. Því miður sá A.W. Mellon sjóðurinn sér ekki fært að veita styrk til verksins og kostnaður var of mikill til að söfnin gætu lagt fé til þess. Sótt var um styrk til NORDINFO en þar sem sú stofnun var lögð niður í lok ársins var það árangurslaust. Söfnin eru sammála um ágæti áætlunarinnar og e.t.v. verður seinna unnt að hrinda henni í framkvæmd.

Alþjóðleg vefsöfnun

Áfram var unnið að hugmynd um að stofna til samstarfs milli nokkurra þjóðbókasafna og fyrirtækisins Internet Archive um að þróa nýjan fullkominn hugbúnað til að safna vefsíðum og til að veita aðgang að og vinna með þau vefsöfn sem vista vefsíðurnar. Upphaflega komu Norðurlöndin sameiginlega fram sem einn aðili að samstarfinu og var Þorsteinn Hallgrímsson fulltrúi þeirra. Haldnir voru undirbúningsfundir í Paris, Washington DC, og Stokkhólmi og þann 23. júlí var haldinn í Paris stofnfundur Alþjóðlegra samtaka um varðveislu Netsins og nefnast þau International Internet Preservation Consortium (IIPC). Stofnaðilar eru þjóðbókasöfn Ástralíu, Bandaríkja Norður-Ameríku, Bretlands, Danmerkur, Finnlands, Frakklands, Íslands, Ítalíu, Kanada, Noregs og Svíþjóðar, ásamt Internet Archive. Í stjórn samtakanna er einn fulltrúi hvers aðila og er gert ráð fyrir að stjórnin haldi 2 – 3

fundi á ári. Einnig voru skipaðir 6 vinnuhópar og fer það eftir atvikum hvaða söfn standa að hverjum hópi. Ísland tekur virkan þátt í starfshópum um högun og aðgang og sækir þar vinnufundi.

Aherslur þáttökusafnanna eru mismunandi og þau hafa t.d. ekki sömu viðhorf um hvar leggja beri áherslur við söfnun vefefnis. Norðurlöndin leggja mikla áherslu á að safna sem mestu efni og vegna þess að Nedlib söfnunarforritið verður ekki þróað áfram náðist samkomulag milli Internet Archive og Norðurlandanna um að vinna saman að gerð nýs söfnunarforrits. Var ákveðið að Norðurlönd legðu til tvo starfsmenn í 6 mánuði sem skyldu starfa á skrifstofu IA í San Francisco, og að þau greiddu sameiginlega stærstan hluta kostnaðarins, en IA greiddi hluta af dvalarkostnaðinum. Einn starfsmaður frá Íslandi (Kristinn Sigurðsson) og einn frá Noregi hófu störf hjá IA um miðjan október og er gert ráð fyrir að þeir verði þar til loka apríl 2004. Markmiðið er að ljúka fyrstu útgáfu á nýju söfnunarforriti fyrir vefsíður og að forritið verði opið öllum sem opinn hugbúnaður (Open Source). Um áramót var vinnan komin vel á veg og allar líkur á að forritið, sem nefnist HERITRIX, verði tilbúið á tilsettum tíma.

Rekstur húss og lóðar

Hlutverk

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur hússins, hafa umsjón með kerfum, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn. Starfsmenn við húsprekstur eru fjórir eins og á síðasta ári.

Framkvæmdir

Í janúar voru veggir öryggisgeymslu í kjallar klæddir að nýju eftir að útséð var að tekist hefði að stöðva leka í útvegg. Viðgerð á leka hafði farið fram síðastliðið sumar. Veggirnir voru klæddir með gipsplötum og málaðir. Gengið var frá hillum að því loknu. Inntakslukur fyrir loftræsikerfin voru endurnýjaðar í febrúar. Blikksmiðja Austurbæjar annaðist verkið. Í marsmánuði var gerð breyting á herbergjaskipun á Gaza, veggur var færður og myndavélar fluttar í rýmið nær þjóðdeild. Í júnímánuði kom fram leki í kjallara sem reyndist koma frá eldhúsi á 1.hæð, opna þurfti vegginn til að finna lekann sem reyndist stafa frá sprungnu hnéi á löginni. Á sumarmánuðum var farið í ýmis hefðbundin viðhaldsverkefni, skipt var um perur í hringlöpum á jaðarsvæðum á 1. 3. og 4. hæð, veggir blettaðir, stólar bólstraðir o.fl. Í júlí var stigagangur 2 málaður af Áferð ehf. og gluggakarmar lagfærðir. Skipt var um rafhlóður í stýritölvum hússtjórnarkerfis. Loftræsikerfi yfirfarin og hreinsuð í ágúst. Í september var farið í að flytja starfsstöðvar vegna nýs skipurits, flutt voru skrifborð og skápar eftir þörfum, þeirri vinnu lauk í október. Sett var

kælikerfi á loftræsikerfi 4 í kjallara til að kæla tölvuherbergi en þar hefur hitinn hækkað vegna aukningar á tölvubúnaði. Framkvæmdin var gerð samkvæmt tillögum og teikningu frá VGK sem hannaði loftræsikerfið. Pípari hússins annaðist verkið, hitavatnslögn fyrir elementið í loftstokk fyrir kjallarann var aftengt og köldu vatni var veitt inn á það til kælingar á loftflæði þar inn. Var talið að það myndi duga og vera ódýrasta lausnin. Reyndist þetta vera þó nokkuð dýrara en ráð var fyrir gert og tók nokkum tíma að stilla þetta inn. Á haustmánuðum var múrari fenginn til að laga múrskemmdir á nokkrum stöðum utanhúss, borið hefur á múrskemmdum á nokkrum stöðum þó aðalega stigahússturnum. Ekki var tekið nema vesturhlið hússin í þetta sinn en nokkrar skemmdir eru að austanverðu verður það tekið síðar. Skipt var um nokkra mótóroloka á loftræsikerfunum eftir þörfum og hefðbundnu viðhaldi sinnt Rafvirki hússins var að venju í ýmsum lagfæringum og breytingum, m.a. yfirför og endurnýjaði alla neyðarlýsingu hússins.

Ýmislegt

Að vanda var fyrsta starfsdegi ársins varið í prófun öryggiskerfa og því tengt. Starfsfólk í afgreiðslum fékk sérstaka leiðbeiningar um notkun á öryggisbúnaði.

Þrif

Ræsting hússins er með sama hætti og undanfarin ár, teppi voru þrifin á sumarmánuðum og hús var þrifið að utan.

Lóð

Umhirða lóðar var með sama hætti og undanfarin ár. Ljósastaurar við bílastæði voru yfirfarnir, botnstykki víða farin að tærast, voru þau tekin úr og send í sandblástur og málu. Tyggjóklessur framan við anddyri voru hreinsaðar með háþrýsti-búnaði. Gangstéttar voru lagaðar, austan við húsið höfðu krakkar gert sér að leik að tína upp hellur og fleygja þeim í síkið og var steinunum farið að fækka, einnig voru steinarnir framan við vörumótöku teknir upp og sandi bætt í og þeir lagðir aftur. Verkið var framkvæmt af Birni & Guðna hf. Bílastæði milli Þjóðarabókhlaða og Hótel sögu voru máluð að nýju. Ekki var mikill snjómokstur á árinu.

Geymslusafn Mjódd

Í mars var gengið frá leigusamningi við Gissur og Pálma vegna húsnæðis sem þeir eiga við Þönglabakka 6 Reykjavík í kjallara undir verslunarkjarna í Mjóddinni. Um er að ræða 641,10 fm. Húsnæðið verður nýtt undir geymslusafn. Gólf voru máluð, útbúin voru vinnuborð og aðstaða fyrir starfsfólk, gengið frá síma og tölvutengingu, settur var upp einn hillurekki ca. 100 lm. af hillum sem safnið átti, en til eru um 600 lm af hillum sem settar verða upp síðar. Efni sem geymt var í Laugarnesi var síðan flutt í Mjóddina og lauk flutningum í júní.



Varaeintakasafn í Reykholti

Settar voru vatnssíur á lögn að rakatækjum sem hafa verið að bila frá upphafi, vatn inn í húsið var óeðlilega gruggugt, starfsfólk kemur með vatn með sér í vinnuna. Tekið var sýni og það sent til Iðntæknistofnunar til rannsóknar, í ljós kom að vatnið er með mjög hátt sýrustig. Skýrslan var send til Hermanns Jóhannessonar í menntamálaráðuneytinu og einnig var Bergi Þorgeirssyni forstöðumanni Snorrastofu tilkynnt um að eitthvað hefði farið úrskeiðis við tengingar í húsið og lofaði hann að koma málinu áfram til réttra aðila. Í aprilmánuði var haldinn fundur í menntamálaráðuneytinu að tilstuðlan Hermanns sem kynnti nýja tilhögun mála í Reykholti. Forstöðumaður Snorrastofu tekur við sem staðarhaldari og kemur til með að sjá um eignir ríkisins á staðnum. Gerður var samningur þar um milli menntamálaráðuneytis og Landsbókasafns. Snorrastofa réði nýjan umsjónarmann sem kemur til með að fylgjast með húsakynnum varaeintakasafns. Ekki tókst að bæta úr þeim göllum sem eru á húsnæðinu t.d. lekum gluggum, biluðu rakatæki, plast að losna af loftstokkum, óþéttum veggjum, fúkkalykt í kjallara, setja lofttúðu til loftræsingar á rými sprinklerinntaks. Grunur er um að raki sé undir kjallaragólfi. Sérfræðingur frá Línuhönnun var fenginn til að skoða málið, í ljós kom að töluverður raki er undir kjallaragólfinu og var málinu vísað til Hermanns sem tekur ákvörðun um framhaldið

Fundur, ráðstefnur, nám-skeið og kynnisferðir

Aðeins er getið þeirra atburða sem tóku hálfan dag eða meira. Vegna uppsetningu nýs bókasafnskerfis sóttu starfsmenn marga fundi og kynningar sem ekki er sérstaklega getið.

Arnþrúður Sigurðardóttir

Námskeið í skráningarþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 28.-30. apríl.

Námskeið í aðfanga- og tímaritaþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 27.-29. ágúst.

Ráðstefna í OCLC í nóvember.

Auður Gestsdóttir

Fundur á vegum Norræna sakfræðiráðsins. Haldinn í Helsinki 9. maí.

Ársfundur aðildarsafna Gegnis. Haldinn í Þjóðarbókhöfðu 7. febrúar.

Ráðstefnan What's in a name? – Namn sá in Norden! Konferens om auktoritets arbete I de nordiska länderna – dagsläge och framtida samarbete. Haldin í Stokkhólmi 28. mars.

Námskeið í skráningarþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 28.-30. apríl.

Lovdata Celex Training Course. Haldinn í Þjóðarbókhöfðu 11. júní.

IFLA. Haldin 1.-9. ágúst í Berlín.

Áslaug Agnarsdóttir

Sex stjórnarfundir í NORDINFO, 16.-17. janúar í Stokkhólmi, 7. mars í Helsinki, 26. apríl í Reykjavík, 5. september í Stokkhólmi, 7. nóvember í Berlín, 17. desember í Kaupmannahöfn. Rannsóknir í félagsvísindum. Haldið í Odda 21.-22. febrúar. Námskeið í útlánaþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 13.-15. maí.

Det 6. Nordiske juridiske biblioteksmøde. Haldið í Lögbergi og Þjóðarbókhöfðu 12.-13. júní. [Fundarstjóri].

Umræðufundur stjórnar NORDINFO og þjóðbókavarða haldinn 18. júní í Kaupmannahöfn IFLA – World Library and Information Congress Access Point Library: Media – Information – Culture. Haldið í Berlín 4.-8. ágúst.

Aðalfundur Aleflis í Þjóðarbókhöfðu 3. Október.

NVBF studierejse til Singapore og Australien, 20. okt. - 3. nóv. 2003.

8. ráðstefna IFLA um millisafnalán og greinaþjónustu. Haldin í Canberra, 28. - 31. okt. 2003.

<http://www.nla.gov.au/ilds/index.html>

Borghildur Stephensen

Námskeið í skráningarþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 28.-30. apríl.

Í vinnuhópi í tengslum við Aleph kerfið í janúar, febrúar og mars

Ársfundur bókfræðisamráðs aðildasafna Gegnis, haldinn í Þjóðarbókhöfðu 7. febrúar

Bryndís Ísaksdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum. Haldið í Odda 21.-22. febrúar.

Lovdata Celex Training Course Haldinn í Þjóðarbókhöfðu 11. júní.

IFLA – World Library and Information Congress - Access Point Library: Media – Information – Culture. Haldið í Berlín 4.-8. ágúst.

Creating Knowledge III. Norræn ráðstefna um upplýsingalæsi. Haldin á Akureyri 25.-26. september. CSA kynning og leitartækni. Haldin í Tækniskóla

Íslands 6. október.

Einar Örn Lárusson

Kynning á Web of Science. Haldin í Endurmenntunarstofnun HÍ 12. sept.

Elfa Kristinsdóttir

Skráningarnámskeið á vegum Landskerfa í ágúst

Fanney Sigurgeirsdóttir

Námskeið í skráningarþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 28.-30. apríl.

Grímhildur Bragadóttir

Námskeið í aðfanga- og tímaritaþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 27.-29. ágúst.

Ráðstefnan: "Conference on the Penitentiary material of the Vatican Archives", í Centre of Medieval Studies, við Háskólann í Bergen, 1.-5. október 2003.

Gróa Björnsdóttir

Námskeið í skráningarþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 28.-30. apríl.

Ársfundur bókfræðisamráðs aðildasafna Gegnis, haldinn í Þjóðarbókhöfðu 7. febrúar.

Guðlaug Þ. Guðmundsdóttir

Aleph námskeið 2. júní

Aleph námskeið 5. Júní

Guðmundur Ingi Gunnarsson

Námskeið í aðfanga- og tímaritaþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 27.-29. ágúst.

Kynning á Web of Science. Haldin í Endurmenntunarstofnun HÍ 12. Sept.

Internet fyrir bókasafns- og upplýsingafræðinga. 3ja ein. námskeið við HÍ á haustönn

Halldóra Þorsteinsdóttir

Lovdata Celex Training Course. Haldinn í Þjóðarbókhöfðu 11. júní.

Det 6. Nordiske juridiske biblioteksmøde (að hluta til). Haldið í Lögbergi 12.-13. júní.

IFLA – World Library and Information Congress - Access Point Library: Media – Information –

Culture. Haldið í Berlín 4.-8. ágúst.

Kynning á Web of Science. Haldin í

Endurmenntunarstofnun HÍ 12. sept.

CSA kynning og leitartækni. Haldin í Tækniskóla

Íslands 6. október.

Stjórn bókasafna og upplýsingamiðstöðva. Endurmenntun HÍ 24.-26. nóvember.

Hallfríður Baldursdóttir

Námskeið í aðfanga- og tímaritaþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 30.-31. október

Helga Kristín Gunnarsdóttir

Námskeið í skráningarþætti nýja Gegnis. Haldið í KHÍ 7.-9. maí.

Námskeið í aðfanga- og tímaritaþætti nýja Gegnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 27.-29. ágúst.

ISSN fundur: 28th meeting of directors of ISSN Centres. Haldinn í Biblioteca Nacional í Madrid 29. september – 3. október.

Hildur Gunnlaugsdóttir

Ársfundur aðildarsafna Gegnis. Haldinn í Þjóðarbókhöfðu 7. febrúar.

Málstofa (Library Systems Seminar - 27) á vegum ELAG (European Library Automation Group):

- Cross language applications and the web. Haldin í Þjóðbókasafni Svisslendings í Bern 2. - 4. apríl.
- Hólfríður Tómasdóttir*
 Ársþing Þjóðræknisfélags Íslendinga í Norður-Ameríku haldið í Edmonton 1.-4. maí 2003.
- Umsjón og kynning á fyrirlestum sögukonunnar Ruth Christie í Þjóðarbókhöfðu 28.-29. mars.
- Námskeið í aðfanga- og tímaritaþætti nýja Gagnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 27.-29. ágúst.
- Ingibjörg Árnadóttir*
 Rannsóknir í félagsvísindum. Haldið í Odda 21.-22. febrúar.
- Lovdata Celex Training Course Haldinn í Þjóðarbókhöfðu 11. júní.
- Kynning á Web of Science. Haldin í Endurmenntunarstofnun HÍ 12. sept.
- CSA kynning og leitartækni. Haldin í Tækniskóla Íslands 6. október.
- Jóhanna Júlíusdóttir*
 Námskeið í skráningarþætti (eintök og skráning) nýja Gagnis. Haldið 6. júní.
- Námskeið í aðfanga- og tímaritaþætti nýja Gagnis. Haldið hjá Landskerfi bókasafna 27.-29. ágúst.
- Jóhannes Örn Oliverson*
